Ytra mat

Leikskólinn Heklukot Hellu

Sigrún Einarsdóttir og Kolbrún Vigfúsdóttir

Ytra mat unnið af Sigrúnu Einarsdóttur og Kolbrúnu Vigfúsdóttur

fyrir Byggðasamlagið Odda bs. og Rangárþing ytra.

Reykjavík 2021.

Efnisyfirlit

Samantekt niðurstaðna *3*

Inngangur *6*

Markmið og tilgangur *6*

Gagnaöflun *6*

Leikskólinn og umhverfi hans *7*

Leikskólinn **7**

Húsnæði og útileiksvæði **7**

Starfsmenn **8**

Hugmyndafræði og áherslur **9**

Stjórnun *11*

Stjórnskipulag og skipurit **11**

Námskrá og áætlanir **11**

Fagleg forysta **14**

Starfsandi og starfsánægja **15**

Uppeldis- og menntastarf *18*

Námsaðstæður **18**

Starfshættir **19**

Lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna **21**

Námssvið **21**

Velferð og líðan barna **24**

Mat á námi og velferð barna **24**

Foreldrasamvinna og ytri tengsl *27*

Þátttaka foreldra og upplýsingamiðlun **27**

Viðhorf foreldra **28**

Samstarf við grunnskóla **28**

Annað samstarf **28**

Skóli án aðgreiningar *29*

Skólaþjónusta og sérkennsla **29**

Börn með annað móðurmál en íslensku **30**

Innra mat *32*

Skipulag og viðfangsefni **32**

Gagnaöflun og vinnubrögð **32**

Opinber birting og umbætur **32**

Samantekt matsþátta *34*

Samantekt *35*

Lokaorð *39*

Heimildir *40*

Samantekt niðurstaðna

Þessi samantekt styrkleika og tækifæra til umbóta er einungis hluti af því sem fram kemur í lok hvers kafla í skýrslunni. Við gerð umbótaáætlunar þarf skólinn og skólanefnd einnig að taka tillit til þeirra tækifæra til umbóta sem settar eru fram í skýrslunni en eru ekki nefnd hér.

Leikskólinn og umhverfi hans

Leikskólinn Heklukot er fimm deilda leikskóli í þremur húsum sem eru sitt hvoru megin við götu, Útskála 2 á Hellu. Þrjár deildir eru í húsi sem er byggt sem leikskóli og tvær deildir eru í tveimur íbúðarhúsum hinu megin götunnar. Möguleikar barna til náms og leikja eru mismunandi eftir húsnæði og fjölbreytni sömuleiðis. Leikstofur í leikskólabyggingu eru rúmgóðar en minni og þrengri í íbúðarhúsunum. Það sama gildir um starfsaðstöðu starfsfólks sem er mismunandi eftir starfsstöðvum. Húsnæðið uppfyllir ekki að öllu leyti kröfur sem gerðar eru varðandi rými leikskólahúsnæðis í lögum um leikskóla nr. 90/2008 og í reglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr. 655/2009. Töluverðar mannabreytingar eru í leikskólanum og skortur á fagmenntuðum starfsfólki. Leikskólinn uppfyllir ekki ákvæði laga um að 2/3 hlutar stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna teljist til stöðugilda leikskólakennara og þarf að leita leiða til að fjölga leikskólakennurum. Byggðasamlagið Oddi bs. veitir styrki til starfsfólks sem sækja nám tengt leikskólafræðum og styrki vegna lokaverkefna og þróunarverkefna. Byggðasamlagið hefur sett sér skólastefnu en skortur á gögnum frá leikskólanum gefa ekki til kynna hvort leikskólinn vinni eftir stefnu byggðasamlagsins. Leikskólinn er Grænfána- og Heilsuleikskóli og eru áherslur sýnilegar í daglegu starfi með börnunum. Umræður um áherslur leikskólans, markmið og leiðir má efla, kynna í skólanámskrá og á heimasíðu. Útileiksvæði leikskólans eru þrjú og mismunandi að stærð og möguleikum til frjálsra leikja. Öll leiksvæðin þarfnast lagfæringar svo að tryggja megi öryggi barnanna. Leikskólinn tekur þátt í sameignlegu þróunarverkefni í sveitarfélagi Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu, *Snemmtæk íhlutun, mál og læsi.* Umhverfi leikskólans bíður upp á fjölmörg tækifæri sem eru vel nýtt til náms og leikja.

Stjórnun – Skólabragur og samskipti

Leikskólanum er stjórnað af aðstoðarleikskólastjóra sem er í tímabundinni afleysingu þar til nýr leikskólastjóri tekur til starfa 1. júní 2021. Leikskólastjóri er í reglulegu samstarfi við fræðslunefnd, stjórn Odda bs. ásamt öðrum skólastjórnendum og situr fundi fræðslunefndar tvisvar á ári. Leikskólinn hefur aðgang að þjónustu sálfræðings, talmeinafræðings og leikskólaráðgjafa frá félags- og skólaþjónustu Rangárvallar- og Vestur-Skaftafellssýslu. Leikskólinn hefur sett sér einkunnarorð en hugmyndafræði leikskólans er ekki ljós og endurskoða þarf skólanámskrá frá 2017 sem er ekki að öllu leyti í samræmi við aðalnámskrá og lög um leikskóla. Svigrúm er veitt til símenntunar starfsfólks sem er almennt ánægt með námskeið á vegum félags- og skólaþjónustunnar. Starfsáætlun 2020-2021 er ekki í gögnum leikskólans og gögn til stuðnings leikskólastarfinu eru fábreytt og þarf að bæta. Mikilvægt er

að finna leiðir til að bæta upplýsingaflæði milli starfsfólks og auka og samræma upplýsingar til foreldra. Samstarf og samábyrgð starfsfólks þarf að styrkja og ein leið til þess er að móta starfsmannastefnu með þátttöku allra. Brýnt er að enduskoða starfsmannahandbók og fylgja eftir móttökuáætlun fyrir nýtt starfsfólk. Starfsfólk fær hrós og hvatningu frá samstarfsfólki og segja störf sín metin að verðleikum. Skráð gögn og verklag fyrir áfallateymi er til, einnig verklag um slysavarnir, einelti og viðbrögð við vá. Gera þarf rýmingaráætlun og hafa sýnilega á öllum deildum leikskólans. Huga þarf að því að bæta upplýsingar á heimasíðu um starfsemi leikskólans.

Uppeldis- og menntastarf – Velferð og líðan barna – Mat á námi og velferð barna

Aðstaða og skipulag húsnæðis eru vel nýtt en gefa mismunandi möguleika til leikja og náms. Námsumhverfi barna er að mestu leyti hvetjandi, leik- og námsefni er nokkuð fjölbreytt en mætti yfirfara, flokka og samræma og gera aðgengilegra börnum á öllum deildum. Starfsfólk sýnir börnum umhyggju og samskipti þess við börnin eru að mestu jákvæð og hvetjandi. Áhersla er á umhverfismennt, heilbrigði og frjálsan leik þar sem fram fer nám. Frjáls leikur fær gott rými í dagskipulagi og börnin eru glöð og áræðin og sýna styrkleika í samskiptum. Markviss vinna er í hópastarfi sem er nokkuð fjölbreytt. Gera þarf læsisstefnu fyrir leikskólann og birta í gögnum leikskólans. Ritmál er sýnilegt á deildum en mætti endurskoða og samræma þannig að það veki áhuga barnanna. Lögð er áhersla á að skipta börnunum í minni hópa til að skapa rólegra og öruggara umhverfi fyrir alla. Vel er staðið að vinnu með heilbrigði og vellíðan barna og leiðir eru fjölbreyttar. Fátt faglært starfsfólk starfar í leikskólanum og því mikilægt að stjórnendur fylgist með og leiðbeini starfsfólki varðandi starfshætti og uppeldisstarfið. Tækifæri til umbóta í uppeldis- og menntastarfi er að vinna saman að gerð skólanámskrár, gera námssviðum og leiðum góð skil þannig að allir stefni að sama marki.

Foreldrasamvinna[1] og ytri tengsl

Viðhorf foreldra til leikskólans er að mestu gott en að mati þeirra mætti bæta upplýsingar verulega og samræma milli deilda. Skortur er á upplýsingum til foreldra um starf leikskólans, það þarf að bæta með því að gera foreldrahandbók fyrir alla foreldra og mótttökuáætlun fyrir foreldra með annað tungumál en íslensku. Einnig ætti að huga að hagnýtum upplýsingum um leikskólann á heimasíðu á fleiri tungumálum en íslensku. Foreldraráð og foreldrafélag er starfandi við leikskólann. Ráðið fundar reglulega, þess á milli eru fulltrúar í ráðinu í samskiptum á feisbók. Starfsáætlun foreldraráðs er til og er á heimasíðu leikskólans, haldnar eru fundargerðir en þær eru ekki á heimasíðu. Leikskólastjóri er boðaður á fundi og farið yfir styrkleika og tækifæri í leikskólanum. Foreldraráð les yfir skólanámskrá og skóladagatal. Foreldrafélagið fundar reglulega og heldur fundargerðir, þær eru ekki birtar á heimasíðu né upplýsingar um hlutverk félagsins. Foreldrafélagið heldur utan um ýmsa viðburði og styður vel við leikskólastarfið. Skipulagt samstarf er við grunnskólann en þarf að birta í skólanámskrá

[1] Í þessari skýrslu er orðið foreldri notað jafnt um foreldra sem og forsjáraðila.

og á heimasíðu leikskólans. Gott samstarf er við íþróttahúsið, tónlistarkennara grunnskólans og sundlaugina.

Skóli án aðgreiningar

Vel er staðið að sérkennslu í leikskólanum. Sérkennslustjóri hefur ábyrgð og umsjón með sérkennslu og frumgreiningum. Lögð er áhersla á snemmtæka íhlutun og gott samstaf er við sálfræðing og talmeinafræðing hjá Skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu. Myndað er teymi um börn með sérþarfir og teymisfundir haldnir reglulega. Einstaklingsnámskrá er unnin í samstarfi við sérfræðinga, deildarstjóra og foreldra barnsins og er virk á deildum og námsmarkmið eru metin reglulega. Leikskólinn nýtur ráðgjafar leikskólaráðgjafa, talmeinafræðings og sálfræðings hjá skólaþjónustu sveitarfélagsins og á gott samstarf við skólaþjónustuna. Skortur er á þekkingu starfsfólks vegna sérþarfa barna og að skráningum sé fylgt eftir. Leita þarf leiða til að ráða starfsfólk sem sinnir stuðningi á deildum. Sérkennslustjóri leiðbeinir og veitir starfsfólki ráðgjöf varðandi börn með stuðning. Starfsfólk er ánægt með fræðslu um frávik barna sem er veitt á starfsmannafundum. Foreldrar barna með sérþarfir eru ánægðir með sérkennsluna og upplýsingar sem þeir fá. Skoða mætti hvernig unnið er með börn með annað tungumál en íslensku.

Innra mat

Í skólanámskrá er fjallað um sjálfsmatskerfið Skólapúlsinn sem á að fylgjast með og bæta innra starf. Innra mat var ekki unnið í leikskólanum á síðasta ári og ekki er til áætlun um innra mat á þessu skólaári. Ákveðið mat fer fram sem tengist Heilsubókinni og Grænfánaverkefninu en er ekki að finna í gögnum leikskólans. Gerðar eru foreldra- og starfsmannakannanir sem kynntar eru á starfsdegi en niðurstöður eru ekki í gögnum leikskólans. Skipa þarf matsteymi með þátttöku allra stjórnenda og deildarstjórum, gera matsáætlun til nokkurra ára sem endurspeglar að helstu þættir starfsins séu metnir. Gera þarf nákvæma matsáætlun fyrir skólaárið sem unnið er markvisst eftir. Fram þarf að koma hvaða þætti á að meta, hvernig þeir tengjast markmiðum skólans, hvernig eigi að meta þá og hvenær, hvaða viðmið liggi til grundvallar og hver beri ábyrgð á matinu. Allir hagsmunaaðilar; starfsfólk, foreldrar og börn þurfa að hafa aðkomu að framkvæmd matsins og samræðu um þróun og umbætur. Þegar niðurstöður liggja fyrir þarf að skrifa greinargerð um innra mat sem dregur fram styrkleika og tækifæri til umbóta. Síðan þarf að gera nákvæma grein á umbótaáætlun þar sem meðal annars kemur fram til hvaða aðgerða á að grípa og hvenær, hvernig endumat á að fara fram og hver beri ábyrgð á að hrinda umbótum í framkvæmd.

Inngangur

Í þessari matsskýrslu er fjallað um ytra mat á leikskólanum Heklukoti á Hellu í Rangárþingi ytra. Matið er gert á grundvelli 17. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008. Matið var framkvæmt af Sigrúnu Einarsdóttur og Kolbrúnu Vigúsdóttur og fór fram á vettvangi 4., 5. og 6. maí 2021. Áður hafði farið fram gagnaöflun og undirbúningur. Teknir voru fyrir eftirfarandi matsþættir: leikskólinn og umhverfi hans, stjórnun, uppeldis- og menntastarf, skólabragur og samskipti, foreldrasamstarf og ytri tengsl, skólaþjónusta og sérkennsla og innra mat.

Markmið og tilgangur

Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í leikskólum er samkvæmt 17. grein laga um leikskóla nr. 90/2008:

1. að veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsmanna leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
2. að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá leikskóla.
3. að auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
4. að tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.[2]

Með ytra mati er unnið að öllum þessum markmiðum og sérstök áhersla lögð á að efla og styðja innra mat og gæðastjórnun leikskóla, styðja við leikskólastjórnendur og kennara í umbótum á eigin starfi, hvetja kennara til að vinna saman að því að bæta eigin starfshætti og vera leikskólum hvati til frekari skólaþróunar. Grundvöllur ytra mats eru leiðbeiningar mennta- og menningarmálaráðuneytis um ytra mat leikskóla. Við matið eru notuð viðmið um gæðastarf á leikskólum, sem unnin hafa verið upp úr viðmiðum og vísbendingum fyrir innra og ytra mat á gæðum leikskólastarfs Reykjavíkurborgar. Viðmiðin eru byggð á lögum og reglugerðum um leikskólastarf og aðalnámskrá leikskóla og eru áherslur Kennarasambands Íslands hafðar til hliðsjónar.

Gagnaöflun

Matsaðilar byrjuðu á að afla sér upplýsinga um leikskólann áður en farið var í vettvangsathuganir og viðtöl. Kallað var eftir ýmsum gögnum sem varpað gætu ljósi á leikskólastarfið, ýmist á prenti eða á rafrænu formi.[3] Kynning á forsendum og matsframkvæmd var send starfandi leikskólastjóra (í skýrslunni framvegis nefndur leikskólastjóri) á rafrænu formi 22. mars 2021. Leikskólastjóra var falið að sjá til þess að starfsfólk og foreldrar hefðu tækifæri til að nálgast þessi gögn og koma spurningum eða athugasemdum á framfæri við úttektaraðila. Matsaðilar dvöldu þrjá daga á vettvangi og gerðu

[2] Lög um leikskóla nr. 90/2008.

[3] Skólanámskrá og starfsáætlun og greinargerðir um innra mat, umbótaáætlun og matsáætlun, dagskipulag, símenntunaráætlun, niðurstöður ytra mats sveitarfélaga og/eða mennta-menningarmálaráðuneytis. Önnur gögn sem skólinn lagði fram.

vettvangsathuganir á öllum deildum leikskólans. Tekin voru rýniviðtöl við deildarstjóra, starfsfólk, foreldra og börn. Einstaklingsviðtal var tekið við leikskólastjóra og sérkennslustjóra og haft var símasamband við sveitarstjóra Rangárþings ytra. Þátttakendur í rýnihópum voru valdir með slembiúrtaki.

Fylgst var með uppeldi, kennslu- og starfsháttum, leik og námi, velferð og líðan barna, faglegu starfi og skipulagi náms og námsaðstæðna í leikskólanum. Matsaðilar fylltu út gátlista fyrir vettvangsathugun á deild og gáfu einkunn fyrir vísbendingar um gæðastarf sem myndar grunn að heildarmati og gefur mynd af leikskólastarfi í þeim meginþáttum sem viðmiðin ná til.[4] Matsaðilar fóru einstaklingslega yfir þau gögn sem aflað var fyrirfram að lokinni leikskólaheimsókn, unnu saman að úrvinnslu gagna og komust að sameiginlegum niðurstöðum varðandi þá þætti sem metnir voru. Skýrslan var send leikskólastjóra til yfirlestrar.

Hafa ber í huga að þær gagnaöflunarleiðir sem stuðst er við, það er viðtöl og vettvangsathuganir, eru þess eðlis að niðurstöðurnar hafa takmarkað alhæfingargildi en gefa góðar vísbendingar um það starf sem fram fer í leikskólanum.

Leikskólinn og umhverfi hans

Leikskólinn

Leikskólinn Heklukot er fimm deilda leikskóli á Hellu í Rangárþingi ytri. Leikskólinn tók til starfa sumarið 1974 og var rekinn af kvenfélagi Oddakirkju sem starfrækti leikskólann á sumrin. Haustið 1976 tók Rangárvallahreppur við rekstrinum þar til í júní 2002 að Rangárþing ytra tók við.[5] Leikskólinn er í dag fimm deilda leikskóli í þremur húsum þar sem dvelja u.þ.b. 80 börn á aldrinum eins árs til sex ára.[6]

Nánari upplýsingar um leikskólann bárust ekki á meðan skýrslan var í vinnslu.

Upplýsingar um fjölda barna, aldur og deildir bárust ekki á meðan skýrslan var í vinnslu.

Húsnæði og útileiksvæði

Leikskólinn er í þremur húsum sem staðsett eru sitt hvoru megin við umferðargötu. Innar í götunni er grunnskólinn, íþróttahúsið og sundlaugin. Töluverð bílaumferð er um götuna yfir daginn og starfsfólk, börn og foreldar oft á ferð milli húsa. Stærsta húsið er byggt sem leikskóli og stendur sunnan við götuna. Þrjár deildir eru í því húsi, sameiginlegt fjölnota rými og mótttökueldhús. Á hverri deild eru nokkur stærri og minni herbergi sem bjóða upp á gott leikrými fyrir mismunandi hópa. Fjölnotarýmið og móttökueldhúsið eru í miðju hússins. Opna

[4] Sjá nánar í lok skýrslunnar.
[5] Skólanámskrá Heklukots 2017.
[6] Viðtal við leikskólastjóra.

rýmið er nýtt í matmálstímum þar sem hluti barna af tveimur deildum borðar. Á öðrum tímum dagsins er það notað fyrir hópastarf og frjálsan leik. Í miðrýminu er einnig myndlistarherbergi, leikfanga- og bókasafn. Rúmgóður kjallari er undir húsinu með starfsmannaaðstöðu, þar er snyrting, munaskápar, undirbúningsherbergi og rúmgóð kaffistofa. Stórt útileiksvæði er sunnan megin við leikskólabygginguna og hægt að ganga inn í kjallarann frá leiksvæðinu.

Norðan megin götunnar er leikskólinn í tveimur íbúðarhúsum hlið við hlið en ótengdum. Fyrir framan þau eru útileiksvæði deildanna og hægt að fara á milli þeirra. Ein deild er í hvoru húsi, auk þess er í öðru húsinu skrifstofa leikskólastjóra og vinnu- og fundaraðstaða sérkennslustjóra. Í báðum þessum húsum eru lítil móttökueldhús fyrir deildirnar. Hvor deild hefur litla borðstofu og nokkur minni herbergi fyrir hvíld og leiki. Húsnæðið er úr sér gengið og þarfnast verulegrar lagfæringar. Hljóðvist er sýnu verri í íbúðarhúsunum og þarf að skoða. Töluverður munur er á starfsaðstöðu þessara eininga, leikskólabyggingunni og íbúðarhúsunum tveimur. Að sögn leikskólastjóra er á áætlun að byggja leikskóla við grunnskólann en framkvæmdir eru ekki hafnar.[7] Í rýnihóp foreldra kom fram óánægja með húsnæðið, það sé ekki gott og aðbúnaður ekki heldur. Húsnæðið uppfyllir aðeins að huta til þær kröfur sem gerðar eru varðandi rými leikskólahúsnæðis í lögum um leikskóla nr. 90/2008 og í reglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr. 655/2009 með síðari breytingum.

Útileiksvæði við leikskólabygginguna er stórt og býður upp á fjölbreytta möguleika til leikja. Farið er að sjá all mikið á leiksvæðinu og þörf á að yfirfara það og bæta með tilliti til öryggis barna. Sem dæmi má nefna að hellur á gang- og hjólastíg eru farnar að losna og fallvarnir slitnar. Leiksvæðið stendur í halla og að sögn foreldra og starfsfólks getur það verið hættulegt í hálku og oft myndast djúpir og hættulegir pollar á leiksvæðinu í vætutíð. Leiksvæðið er sæmilega búið leiktækjum en mætti yfirfara og bæta og vilja foreldrar sjá leiktæki bætt eins og rennibraut og hjólahringinn. Undir það tekur starfsfólk og bendir á að leiksvæðin sem eru við íbúðarhúsin norðan megin götunnar séu lítil, leiktæki fá og þau þarfnist verulega úrbóta.[8] Rólur sem foreldrafélagið gaf deildinni[9] eru vinsælar hjá yngstu börnunum, einnig sandkassinn, hjól og vagnar til að ýta á undan sér. Stórt borð með áföstum bekkjum er ekki hannað með yngstu börnin í huga og hentar þeim illa. Á lóð Lundadeildar er grasflötur með fótboltamörkum hentug aldri barnanna. Byggðasamlaginu Odda bs. hafa borist athugasemdir frá Heilbrigiseftirliti Suðurlands þar sem bent er á nokkur mikilvæg atriði og farið fram á lagfæringar vegna öryggis barna. Reglubundin skoðun fór fram 11. nóvember 2020.[10]

Starfsmenn

Nýlega var ráðinn leikskólastjóri sem tekur við starfinu 1. júní 2021 en fráfarandi leikskólastjóri hætti störfum um ármótin 2020-2021. Í millitíðinni var samið við aðstoðarleikskólastjóra um

[7] Viðtal við leikskólastjóa.

[8] Rýnihópur foreldra og starfsfólks.

[9] Rýnihópur foreldra.

[10] Skoðunarskýrsla. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands.

að leysa af tímabundið og er hann í 100% starfi. Auk þess að vera aðstoðarleikskólastjóri var hann verkefnastjóri við þróunarverkefnið *Snemmtæk íhlutun, mál og læsi.* Enginn aðstoðarleikskólastjóri starfar við leikskólann, en að sögn leikskólastjóra er sérkennslustjóri honum innan handar.[11]

Upplýsingar um fjölda starfsfólks, stöðugildi og menntun bárust ekki á meðan skýrslan var í vinnslu. Þar með talið upplýsingar um starfsfólk í námi.

Fram kom hjá öllum viðmælendum í viðtölum og rýnihópum að stöðuleiki í starfsmanna-hópnum mætti vera meiri, mannabreytingar væru tíðar og skortur á fagfólki verulegur.[12] Leikskólinn uppfyllir því ekki ákvæði 2. mgr. 14. gr. laga nr. 95/2019 um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla um að lágmarki $^{2}/_{3}$ hlutar stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna í hverjum leikskóla skulu teljast til stöðugilda kennara.

Hugmyndafræði og áherslur

Skólanámskrá leikskólans er frá árinu 2017. Þar er gerð grein fyrir grunnþáttum menntunar á almennan hátt og vísað beint í aðalnámskrá leikskóla 2011.[13] Námskrá leikskólans er ekki aðgengileg á heimasíðu. Í viðtali sagði leikskólastjóri að skólanámskráin væri ekki nýtt sem skildi en til stendur að endurskoða hana fljótlega. Hafinn er undirbúningur að endurskoðun námskrár og kemur nýráðinn leikskólastjóri að þeirri vinnu. Vinna á starfsdegi þar sem farið var yfir grunnþætti menntunar og ræddar leiðir til að framfylgja þeim var þáttur í þeim undirbúningi. Sjá mátti áðurnefnda grunnþætti á veggjum tveggja deilda ásamt hugmyndum að leiðum. Að sögn leikskólastjóra hefur ekki verið unnið eftir ákveðinni hugmyndafræði og finnst honum leikskólinn vera stefnulaus, vanti hugmyndafræðina. Hann gerir sér vonir um að úr því verði bætt með komu nýs leikskólastjóra. Í skólanámskrá leikskólans segir að megin áherslur í starfi leikskólans séu *Skóli á grænni grein* og *Heilsustefnan*. Í dag er leikskólinn *Grænfánaleikskóli* og hefur verið síðan vorið 2012 og hefur flaggað fjórum fánum. Þá hefur leikskólinn verið *Heilsuleikskóli* síðan vorið 2013. Fram kom hjá leikskólastjóra að áherslur Grænfánans væru sýnlegar í starfinu og nefndi sem dæmi útikennslu með verkefnum sem henni tengjast. Einnig eru að hans mati áherslur Heilsuleikskólans sýnilegar, mikil útivera og farið reglulega í íþróttahúsið.[14] Einkunnarorð leikskólans eru *Leikur – gleði – lífsleikni* og eru sýnileg á skilti utan á leikskólanum og á einni deild í leikskólahúsinu. Deildarstjórar og starfsfólk þekktu helstu áherslur leikskólans og nefndu einnig að leikskólinn væri *vináttuleikskóli* þar sem unnið væri með *Blæ* sem er forvarnarverkefni Barnaheilla.[15] Fram kom hjá deildarstjórum að Ásahreppur hefði nýlega samþykkt að sveitarfélagið yrði

[11] Viðtal við leikskólastjóra.

[12] Rýnihópur deildarstjóra, starfsfólks og foreldra, viðtal við leikskólastjóra, sérkennslustjóra og sveitarstjóra.

[13] Skólanámskrá Heklukots 2017.

[14] Viðtal við leikskólastjóra.

[15] www.barnaheill.is

heilsueflandi samfélag en bentu á að bæta mætti fæðið til að uppfylla betur skilyrði heilsueflandi leikskóla.[16]

Styrkleikar

- Áherslur Grænfánaleikskólans og Heilsuleikskólans birtast í daglegu starfi.

Tækifæri til umbóta

- Brýnt er að sameina húsnæði leikskólans til að bæta starfsaðstöðu barna og starfsfólks.
- Meta þarf hljóðvist á deildum leikskólans og gera úrbætur ef þess þarf.
- Gera þarf úrbætur á útileiksvæðum leikskólans og yfirfara leiktæki í þeim tilgangi að tryggja öryggi barna.
- Brýnt er að leita leiða til að fjölga leikskólakennurum svo leikskólinn uppfylli ákvæði laga nr. 87/2008 um að 2/3 hlutar stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna teljist til stöðugilda leikskólakennara.
- Móta þarf hugmyndafræði fyrir leikskólann með aðkomu alls leikskólasamfélagsins, endurskoða námskrá og gera sýnilega á heimasíðu.
- Gera einkunnarorð leikskólans sýnileg í öllum leikskólanum og skilgreina áherslur þeirra.

[16] Rýnihópur deildarstjóra og starfsfólks.

Stjórnun

Stjórnskipulag og skipurit

Rekstraraðili Heklukots er Oddi bs. sem er byggðasamlag um rekstur leik- og grunnskólanna í Rangárþingi ytra og Ásahreppi.[17] Í stjórn byggðasamlagsins eru fjórir aðalmenn og fjórir til vara. Sveitarstjóri, yfirmaður Odda bs. er næsti yfirmaður leikskólastjóra. Leikskólastjóri situr fundi fræðslunefndar, sem er jafnframt stjórn Odda bs., ásamt öðrum skólastjórnendum, áheyrnarfulltrúum starfsfólks og foreldra tvisvar á ári. Þar kynna skólastjórnendur skóladagtal, starfsáætlun, skólastefnu og innra mat. Leikskólinn hefur aðgang að þjónustu sálfræðings, talmeinafræðings og leikskólaráðgjafa frá félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu. Leikskólastjóri er í reglulegu samstarfi við leikskólastjóra á svæði félags- og skólaþjónustunnar. Skólastefna Ásahrepps og Rangárþings ytra liggur fyrir og nær stefnan einnig til Tónlistarskóla Rangæinga. Rangárþing ytra er síðan í júní 2020 Heilsueflandi samfélag í samvinnu við Embætti landlæknis. Byggðasamlagið Oddi bs. hefur sett sér starfsmannastefnu, jafnréttisáætlun, siðareglur og persónuvernastefnu. [18] Ekki kemur fram í skólanámskrá Heklukots 2017 hvort leikskólinn starfi eftir fyrrgreindum stefnum sveitarfélagsins.

Leikskólinn hefur að sögn sveitarstjóra almennt gott orð á sér en ábendingar hafa borist um tíðar mannabreytingar og veikindi starfsfólks. Á tímabili gekk erfiðlega að fá starfsfólk til starfa en hefur gengið betur undanfarið. Leikskólinn er fullmannaður í dag en skortur er á leikskólakennurum. Sveitarstjóra hafa einnig borist jákvæð ummæli um áhugasamt starfsfólk og því er hrósað fyrir vel unnin störf. Athugasemdir um húsnæði leikskólans hafa borist og á áætlun er bygging nýs leikskóla sem mun tengjast grunnskólanum. Gert er ráð fyrir sameiginlegu rými sem mun þjóna báðum skólastigunum. Á áætlun er að byggingar framkvæmdir hefjist árið 2023. Oddi bs. hefur sett sér metnaðarfullt markmið og samþykkti árið 2016 í tengslum við Skólastefnu Rangárþings ytra og Ásahrepps reglur sem bera yfirskriftina, *Göngum glöð til verka.* Reglur þessar eiga að styðja við nema sem leggja stund á háskólanám í leikskólakennarafræðum og sem annað hvort vinna í leikskólum Odda bs. eða hafa áform um að gera það. Markmið með þessum reglum er að hækka menntunarstig í leikskólum Odda bs. og fjölga fagmenntuðum starfsmönnum.[19] Í símtali við sveitarstjóra sagði hann að starfsfólk fái laun á meðan þeir stunda nám tengt leikskólafræðum, einnig veitti byggðarsamlagið styrki vegna áhugaverðra lokaverkefna og þróunarverkefna sem styrkja og efla leikskólastarfið.[20]

---

[17] Samþykktir fyrir Byggðasamlagið Odda bs.

[18] www.ry.is

[19] Skjal merkt, REGLUR UM STYRKI TIL NEMA Í LEIKSKÓLAKENNARAFRÆÐUM Á STARFSSVÆÐI ODDA BS.

[20] Símtal við sveitastjóra.

Námskrá og áætlanir

Eins og áður hefur komið fram er skólanámskrá Heklukots síðan 2017 og að sögn leikskólastjóra stendur til að endurskoða hana fljótlega. Í námskránni er í stuttu máli gerð grein fyrir helstu áherslum leikskólans eins og námssviðum aðalnámskrár án þess að fram komi markmið og leiðir eða hvernig staðið verði að mati á leikskólastarfinu. Ekki er gerð grein fyrir áherslum í samskiptum við börn og foreldra eða hvernig samstarfi starfsfólks er háttað. Að sögn leikskólastjóra tók allt starfsfólk þátt í gerð skólanámskrár á sínum tíma en var ekki kunnugt um þátttöku foreldra eða barna. Fram kom í rýnihóp deildarstjóra að samræma þyrfti stefnu fyrir leikskólann, vinna að markmiðum og leiðum og vinna betur að því að endurskoða, samræma og þróa viðfangefni og verkefni.[21] Skólanámskráin uppfyllir ekki þau viðmið sem sett eru fram í aðalnámskrá leikskóla frá árinu 2011 og lögum um leikskóla nr. 90/2008. Í máli leikskólastjóra kom fram að leikskólarnir fimm á þjónustusvæði skólaþjónustu Rangárvalla- og Vetur-Skaftafellssýslu hafi undanfarið unnið Þróunarverkefnið *Snemmtæk íhlutun, mál og læsi* og er því nánast lokið.

Starfsáætlun fyrir árið 2020-2021 er ekki til en að sögn leikskólastjóra var skóladagatali skilað til Odda bs. og foreldraráðs. Leikskólastjóra var ekki kunnugt um hvort starfsáætlun eða ársskýrslu hafi verið skilað. Starfsáætlun uppfyllir því ekki áherslur aðalnámskrá leikskóla 2011. Starfsmannahandbók er til en þarfnast endurskoðunar og að sögn leikskólastjóra var á áætlun að endurskoða hana sl. vetur en ekkert varð úr því.[22] Eintak af henni var til á skrifstofu leikskólastjóra og afhent mataðilum. Matsaðilar eru sammála um að þörf sé á endurskoðun sem fyrst. Aðspurt var starfsfólk á því að starfsmannahandbók væri til en vissu ekki hvar hún væri geymd og nefndi einhver undibúningsherbergið.[23]

Í starfsmannahandbók voru upplýsingar um viðbragðsáætlun um almannavarnir og neyðaráætlun fyrir Heklukot ef eldur er laus. Stefna og viðbragðsáætlun leikskólans vegna eineltismála, stefna gegn hvers konar vá svo sem slysavarnir og reglur um öryggi barna á leikskólalóðinni og hvað starfsfólk eigi að gera þegar leikskólalóðin er yfirfarin. Leiðbeiningar eru fyrir starfsfólk, hvernig það á að bregðast við og draga úr ótta barna vegna eldgoss. Öryggis- og rýmingaráætlun er í starfsmannahandbók og á vegg í miðrými leikskólahússins er björgunaráætlun um viðbrögð starfsfólks komi til hættuástands vegna bruna í leikskólanum. Engar merkingar eru við innganga eða á deildum. Þá er til að sögn leikskólastjóra, verkferill um vernduð líkamssvæði barnsins og á veggjum deilda mátti sjá upplýsingar þess efnis. Leikskólinn er með áfallateymi og skráð verklag því tengt og var það sent matsaðilum. Allar persónuupplýsingar um börn eru í læstum hirslum.

[21] Rýnihópur deildarstjóra.

[22] Viðtal við leikskólastjóra.

[23] Viðtal við leikskólastjóra og rýnihópur starfsfólks.

Stjórnun og starfsmenn

Í stjórnendateymi Heklukots sitja leikskólastjóri, sérkennslustjóri og deildarstjórar og nefnast fundir þess stjórnendafundir. Að sögn leikskólastjóra er ekki til skrifleg verkaskipting stjórnenda og formleg verkaskipting er engin nema að sérkennslustjóri er leikskólastjóra stuðningur þegar þarf. Fundað er einu sinni í viku en misjafnt hvað fundirnir eru langir, frá einni til þriggja klukkustunda. Leikskólastjóri er fundarstjóri og sérkennslustjóri ritari. Ekki er send út formleg dagskrá en sérkennslustjóri setur fundarefni inn á *Google docs*. Þar getur allt starfsfólk sett inn tillögur og hugmyndir. Fundargerðir eru skráðar, deildarstjórar setja fundargerðir inn á fésbókarsíðu starfsfólks og gert er ráð fyrir að þeir kvitti fyrir að loknum lestri.[24]

Deildarstjórar bera ábyrgð á faglegu starfi en ákvarðanir eru teknar á stjórnendafundum. Deildarfundir eru ekki haldnir reglulega en þegar þeir eru haldnir er helsta umræðuefnið málefni barna, endurmat á dagskipulagi og ráðgjöf sérkennslustjóra og talmeinafræðings. Að sögn deildarstjóra eru fundirnir gagnlegir og þeir vildu að gert væri ráð fyrir þeim á dagskipulagi, mánaðarlega fyrir hverja deild. Í rýnihópi voru deildarstjórar sammála um að það vanti betra skipulag fyrir allan leikskólann. Fundargerðir eru ekki skráðar.[25] Áætlun um skipulagsdaga eru í skóladagatali leikskólans og eru sex auk haustþings. Í viðtali við leikskólastjóra kom fram að efni skipulagsdaga er ýmiskonar fræðsla og skyndihjálp sem er haldið annað hvert ár. Starfsmannfundir eru oftast á starfsdögum en deildarfundir eru óreglulegir, oft teknir eftir vinnu, um það bil á átta vikna fresti. Skóladagatal er á heimasíðu leikskólans.[26]

Allir deildarstjórar og leikskólakennari fá samningsbundinn undirbúningstíma. Annað starfsfólk fær eina til tvær klukkustundir til undirbúnings fyrir hópastarf eða sérstök verkefni, deildarstjórar bera ábyrgð á að skipuleggja þessa tíma. Ekki er skráning yfir hvað er unnið í undirbúningstímum og gætti töluverðrar óánægju í rýnihópi starfsfólks með undirbúnings-tíma deildarstjóra og langrar fjarveru þeirra frá deildinni.[27] Við ráðningu nýrra starfsmanna er fylgt lögum nr. 87/2008 um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda. Við undirritun ráðningarsamnings er skrifað undir ákvæði um trúnað og þagnarskyldu og leyfi veitt til að skoða sakaskrá.[28] Að sögn deildarstjóra er til verklag um móttöku nýs starfsfólks en brestur er á að því sé fylgt eftir. Í leikskólanum er mikil starfsmannavelta og það vantar upp á kynningu og handleiðslu fyrir nýtt starfsfólk. Skortur er á að starfsfólk og deildarstjórar fái stuðning og

[24] Rýnihópur starfsfólks.

[25] Rýnihópur deildarstjóra og viðtal við sérkennslustjóra.

[26] Viðtal við leikskólastjóra.

[27] Rýnihópur deildarstjóra og starfsfólks.

[28] Viðtal við leikskólastjóra.

mikilvægt er að að fylgja nýju starfsfólki betur eftir.[29] Skipurit, starfslýsingar og verklag um móttöku nýs starfsfólks voru ekki í gögnum leikskólans.

Símenntunaráætlun liggur ekki fyrir en allt starfsfólk fær tækifæri til að sækja námskeið. Leikskólinn fær send fræðslutilboð frá Skólaþjónustu auk þess sem gott samstarf er við talmeinafræðing Skólaþjónustunnar sem heldur námskeið og situr deildarfundi ef þarf. Námskeið er fyrir nýtt starfsfólk sem leikskólaráðgjafi sinnir og er mjög gagnlegt að mati leikskólastjóra. Leikskólastjórar Rangárþings ytra og Vestur Skaftafellssýslu hittast reglulega til að samræma sameiginleg málefni auk þess sem boðið er upp á fræðslu.[30] Að sögn deildarstjóra eru þeir hvattir til símenntunar og bent á að hvetja sitt fólk til þess að sækja námskeið. Framboð er nokkuð að þeirra sögn en getur verið erfitt að finna endurmenntun við hæfi auk þess sem Covid 19 faraldurinn hefur verið hindrun. Boðið er upp á námskeið sem tengjast sérkennslu. Starfsfólk lýsir mikilli ánægju með haustþing Félags leikskólakennara og Félags stjórnenda í leikskólum sem er haldið árlega en þar hittist allt starfsfólk leikskóla Suðurlands. Í rýnihóp starfsfólks nefndi nýtt starfsfólk að það þekkti ekki til þess að boðið væri upp á símenntun. Fræðslutilboð eru einna helst kynnt á Fésbók leikskólans og með tölvupósti frá Skólaþjónustunni.

Að mati starfsfólks er ekki gott upplýsingarflæði innan leikskólans og hefur heldur versnað undanfarið. Þau sögðu að það skorti á að samræma upplýsingar og þær bærust ekki á milli húsa. Starfsfólk er með sameiginlega fésbókarsíðu sem það sagðist ekki skoða á vinnutíma. Upplýsingatafla, sem áður var notuð til að upplýsa um fjarveru starfsfólks væri ekki lengur notuð. Það gleymist að koma skilaboðum á milli starfsfólks innan deildar og þeir sem opna á morgnana skila ekki upplýsingum áfram til annars starfsfólks.[31] Að sögn leikskólastjóra eru upplýsingar helst settar inn á fésbókarsíðu leikskólans og á Karellen.

Fagleg forysta

Eins og áður hefur komið fram leysir leikskólastjóri tímabundið af þar til nýr leikskólastjóri kemur til starfa. Í viðtali sagðist hann ekki hafa valið sér þetta hlutverk, væri aðeins tímabundið í þessu hlutverki og taldi sig ekki vera með „stjórnandagenin“, væri of linur stjórnandi sem vildi gera öllum til hæfis. Samstarf við fyrrverandi leikskólastjóra gekk vel, þeir hafi skipt með sér verkefnum og vegið hvorn annan upp. Honum finnst hann vinna betur á hliðarlínunni. Sér liði ágætlega en væri ekki í framtíðarstarfinu og biði þess að nýr leikskólastjóri tæki við. Þegar hann var spurður hvort hann fylgist með starfinu á deildum og leiðbeini starfsfólki sagðist hann ekki fara reglulega inn á deildir og vera meðvitaður um það. Hann taldi samskipti sín við starfsfólk góð en að endurgjöf og hrós gefi hann helst í *snerpuviðtölum*, styttri viðtölum sem koma í stað starfsmannasamtala. Leikskólastjóri sagðist ekki vera vel að sér um hvernig samstarfi væri háttað á deildum utan deildinni sem liggur að skrifstofu leikskólastjóra. Hann

[29] Rýnihópur deildarstjóra og starfsfólks.

[30] Viðtal við leikskólastjóra.

[31] Rýnihópur starfsfólks.

leggur áherslu á hve dýrmætt það væri að í leikskólanum starfi fólk sem væri í námi, það kæmi með hugmyndir sem vel væri tekið í. Starfsfólk í rýnihópi taldi leikskólastjóra ekki sýnlegan á deildum, helst að hann líti af og til inn á deildir til að heilsa. Þeim finnst hann ekki aðgengilegur, er oft á fundum þegar þarf að ná í hann. Sérkennslustjóri er meira inn í málefnum deildanna, leiðbeinir deildarstjórum og aðstoðar ef þarf.[32] Leikskólastjóri sagðist þekkja börnin, hann sakni þess að vera ekki meira með þeim og að börnin leiti til hans.[33] Börnin þekktu leikskólastjóra með nafni, sögðu hann stjórna leikskólanum, hann ráði hvað á að skrifa og hvað kennararnir láti þau gera í hópastarfi.[34] Fram kom í rýnihóp foreldra að gott væri að eiga samskipti við leikskólastjóra og að börnin tali um hann en taka fram að öll samskipti séu erfiðari í dag vegna Covid 19.

Starfsandi og starfsánægja

Meirihluti þátttakenda í viðtölum og rýnihópum voru sammála um að andrúmsloftið í leikskólanum væri ekki gott. Starfsmannavelta væri mikil, veikindi starfsfólks valdi álagi og ekki væri tekið á veikindum starfsfólks af yfirmönnum. Stytting vinnutímans til viðbótar við veikindin hafi aukið álag og óánægju starfsfólks. Tekið var á því af starfandi leikskólastjóra, fyrirkomulagi breytt og starfsfólk var sammála um að nýja fyrirkomulagið væri betra. Foreldrar í rýnihóp sögðu mikil veikindi vera í leikskólanum, tíð starfsmannaskipti og að að hlúa þyrfti að starfsfólki.[35]

Starfsfólk og deildarstjórar nefndu gremju, baktal og nagg og að slíkt ástand hafi staðið yfir lengi. Starfsfólk gerir athugasemdir þegar stjórnendur sinna lögbundnu leikskólastarfi eins og stjórnendafundum, undirbúningstímum og skrifstofuvinnu sérkennslustjóra. Á starfsmannafundum komi starfsfólk með óviðeigandi athugasemdir. Starfsfólki finnst erfitt að vinna saman þar sem það starfi í þrem húsunum og að Covid 19 hafi haft áhrif, samgangur milli deilda væri minni en oft áður. Starfsfólk í rýnihóp var flest sammála um að störf þess væru metin og það væri stolt af starfi sínu. Hluti starfsfólks nefndi að það fengi stundum hrós frá leikskólastjóra, sérkennslustjóra og foreldrum. Af og til hrósar starfsfólk hvert öðru. Að sögn þátttakenda í rýnihópum hefur meirihluti starfsfólks metnað til að gera vel, það sýni frumkvæði, vel væri tekið í nýjar hugmyndir og að í leikskólanum ríki frjálsræði og sveigjanleiki. Þátttakendur lýstu ánægju með að mannauður leikskólans væri vel nýttur. Ef starfsfólk er sterkt á einhverju sviði eins og myndlist, málörvun eða stærðfræði er það hvatt til að taka að sér þau verkefni og stýra hópastarfi.

Starfsfólkið gerir ýmislegt til að styrkja starfsandann, alltaf væri fjör þegar það hittist utan vinnutíma. Skemmtinefnd skipuleggur ýmsa viðburði eins og leyniviku og óvissuferð á vorin. Hrósnámskeið hefur verið haldið og einu sinni í mánuði er hamingjukaffi þar sem deildirnar

[32] Rýnihópur deildarstjóra og starfsfólks.

[33] Viðtal við leikskólastjóra.

[34] Rýnihópur barna.

[35] Rýnihópur foreldra.

skiptast á að koma með veitingar á kaffistofuna. Leikskólastjóri sagðist hvetja fólk til að taka þátt og starfsfólk sagðist vera duglegt að skemmta sér saman, geta lagt ósætti til hliðar og gladdist yfir að framundan væri skemmtiferð starfsfólks.[36]

Niðurstöður úr starfsmannakönnun bárust ekki á meðan skýrslan var í vinnslu og því byggja þessar niðurstöður eingöngu á einstaklingsviðtölum við leikskólastjóra og sérkennslustjóra og rýnihópaviðtölum við deildarstjóra og starfsfólk.

Styrkleikar

- Sveitarfélagið styrkir starfsfólk til náms í leikskólakennarafæðum.
- Leikskólinn er með áfallateymi, neyðaráætlun gegn hvers konar vá, viðbrögð við slysum, stefnu og viðbragðsáætlun vegna eineltis, reglur um öryggi barna á leikskólalóðinni og verklag um vernduð líkamssvæði barnsins.
- Skóladagatal er aðgengilegt á heimasíðu leikskólans.
- Nýliðunarnámskeið er haldið fyrir nýtt starfsfólk.
- Starfsfólk er hvatt til að sækja sér símenntun.
- Starfsfólk er stolt af starfi sínu og störf þess og frumkvæði er metið.
- Frjálsræði og sveigjaleiki ríkir í skólasamfélaginu og vel er tekið í hugmyndir starfsfólks.

Tækifæri til umbóta

- Öryggis- og rýmingaráætlun ætti að vera sýnileg á öllum deildum og rýmingaæfingar gerðar reglulega.
- Æskilegt er að gera skriflega verkaskiptingu milli stjórnenda og gera sýnilega starfsfólki leikskólans.
- Endurskoða þarf skólanámskrá frá 2017 í samræmi við aðalnámskrá leikskóla frá 2011 með aðkomu starfsfólks, barna og foreldra.
- Gera skal árlega starfsáætlun í samræmi við lög um leikskóla og aðalnámskrá leikskóla 2011 og tryggja aðkomu allra aðila í leikskólasamfélaginu.
- Gera þarf ráð fyrir deildarfundum í dagskipulagi deilda.
- Starfsmannahandbók þarfnast endurskoðunar með nauðsynlegum upplýsingum fyrir starfsfólk.
- Brýnt er að virkja verklag um móttöku nýrra starfsmanna, veita handleiðslu og fylgja verklagi eftir á ráðningatímabilinu.
- Æskilegt er að stjórnendur veiti deildarstjórum stuðning, fylgist með námi og starfi á deildum í því skini að veita endurgjöf.
- Gera ætti símenntunaráætlun fyrir starfsfólk sem birtist í starfsáætlun.
- Gera ætti skipurit og starfslýsingar og birta í gögnum leikskólans.
- Brýnt er að bæta og samræma upplýsingaflæði innan leikskólans.

[36] Rýnihópur deildarstjóra og starfsfólks, viðtal við sérkennslustjóra og leikskólastjóra.

- Brýnt er að vinna að því að bæta starfsandann, samstarf og samskipti starfsfólks.
- Móta þarf starfsmannastefnu í þeim tilgangi að koma á skýru verklagi innan leikskólans.

Uppeldis- og menntastarf

Námsaðstæður

Eins og áður hefur komið fram er leikskólinn í þremur húsum og eru aðstæður mismunandi eftir því hvaða húsnæði er verið að fjalla um. Leikaðstaða og skipulag í húsnæði sem er byggt sem leikskóli (leikskólabygging) gerir ráð fyrir fjölbreyttum viðfangsefnum barna. Deildir og sameiginleg rými eru rúmgóð og vel nýtt af starfsfólki til leikja og náms. Leikstofur eru stórar og aðstaða til að skipta börnum í minni hópa. Hver deild hefur nokkur minni rými sem eru vel nýtt til náms og leikja fyrir minni hópa og hvíld. Aðstaða til gólf- og borðleikja er einnig góð. Skipulag og leikaðstaða í íbúðarhúsunum tveimur sem ekki eru byggt fyrir leikskólastarfsemi er verri, bæði hvað varðar leikaðstöðu barna og vinnuaðstöðu starfsfólks. Möguleikar barna til hreyfileikja eru takmarkaðir og borð taka of mikið gólfpláss í stærstu leikstofunum. Minni herbergi á báðum deildunum nýtast fyrir minni hópa og fyrir hvíld.

Á þeim tíma sem matið fór fram mátti sjá að öll rými voru vel nýtt í öllum húsunum. Almennt var starfsfólk sammála um að starfsumhverfið væri ekki gott, slæmt að vera í þremur húsum og nefndu sérstaklega aðstöðuna í íbúðarhúsunum. Starfsfólk í öðru íbúðarhúsinu gerði athugasemdir við að hluti af starfi þeirra væri að sinna móttökueldhúsi deildarinnar, taka á móti matnum og ganga frá. Allt starfsfólk var sammála um að vinnu- og kaffiaðstaða í kjallara leikskólahúsnæðisins væri ágæt. Hins vegar væri óþægilegt fyrir starfsfólk í íbúðarhúsunum að þurfa að fara yfir götu í annað hús.[37] Eins og fram kemur í fyrri lýsingu gefur skipulag húsnæðis ekki nema að hluta til tækifæri til góðra samskipta og samstarfs allra í leikskólanum.

Leik- og námsefni barna á flestum deildum er nokkuð fjölbreytt. Á sumum deildum bar á að leikefni væri ósamstætt, úr sér gengið og þörf á að yfirfara það. Þörf væri á að endurskoða og samræma leikefnið yfir allan leikskólann. Leikefnið höfðar til flestra barna og yfirleitt er aðgengi barna að leikefni á deildum nokkuð gott ef frá er talin yngsta deildin. Endurskoða þarf og bæta búnað og leikfangakost fyrir yngstu börnin verulega. Sjá þarf til þess að leikefni hæfi aldri barnanna og aðgengi þeirra að leikefninu verði aukið. Foreldra sögðu leikefni ekki allt mjög gott en að starfsfólk reyndi að gera gott úr því sem það hefði.[38]

Í miðrými leikskólahúsnæðisins er myndlistarstofa, rúmgott bókasafn og vísir að leikfangasafni á sama stað. Að sögn deildarstjóra er hver deild með lítið leikfangasafn inn á deild þar sem leikföngum er reglulega skipt út með þátttöku barnanna. Unnið er að því að yfirfara, merkja og flokka bækur á bókasafni í tengslum við þróunarverkefni leikskólans *Snemmtæk íhlutun, mál og læsi*.[39] Deildarstjórar tóku fram að bækur hafa verið í körfum á hverri deild en þar sem verið er að endurskipuleggja bókasafnið hafa þær verið fjarlægðar tímabundið.

---

[37] Rýnihópur deildarstjóra og starfsfólks.

[38] Rýnihópur foreldra.

[39] Viðtal við leikskólastjóra.

Deildarstjórar bera ábyrgð á gerð dagskipulags sem á að þeirra sögn að vera tilbúið fyrir 1. september ár hvert. Það er endurskoðað oft yfir árið, meðal annars til að aðlaga það aldri og samsetningu barnahópsins.[40] Dagskipulag er sýnilegt á flestum deildum og skiptist í frjálsan leik, matmálstíma, söng- og samverustundir, hópastarf og útiveru. Í hópastarfi er börnunum skipt í minni hópa og fylgir starfsmaður hverjum hóp í hinum ýmsu verkefnum, úti og inni. Myndrænt dagskipulag er á hverri deild, yfirleitt í hæð barna en mætti samræma milli deilda. Á vettvangi mátti sjá að börnin fengu samfelldan tíma til frjálsra leikja. Dagskipulag var ekki sýnilegt foreldrum í fataklefa eða á heimasíðu leikskólans.

Útileiksvæði leikskólans er eins og áður segir mismunandi að stærð og gæðum. Leiksvæði við leikskólabygginguna gefur börnunum fjölbreytta möguleika til ýmissa leikja í minni og stærri hópum. Í rýnihóp starfsfólks kom fram að áætlað hafi verið að vinna með opinn efnivið á leikskólalóðinni í tengslum við Grænfánaverkefnið en þeirri vinnu var aldrei lokið. Starfsfólk var sammála um að bæta þyrfti aðstöðu á leiksvæðunum, lóðir væru illa farnar og leiktæki takmörkuð. Starfsfólk var ánægt með fótboltaaðstöðuna fyrir framan annað íbúðarhúsið og lögðu áherslu á að mörkin mætti ekki fjarlægja. Á vettvangi mátti sjá börn og starfsfólk deildarinnar spila fótbolta af áhuga og einbeitingu. Fram kom í rýnihóp foreldra að húsnæðið væri ekki gott, að vinnumhverfi barna og starfsfólks úti og inni mætti bæta og á lóðinni væru hættuleg svæði.[41] Nánasta umhverfi leikskólans er vel nýtt, markvisst útinám fer fram tengt áherslum Grænfánans, einnig er oft farið í hjóla- og gönguferðir og stoppað á opnum svæðum til að rannsaka og leika. Allt starfsfólk leikskólans er ánægt og stolt af Grænfánavinnunni og útináminu, notar opnu svæðin og leiktækin þar vel.[42] Á meðan matsaðilar voru á vettvangi mátti sjá starfsfólk fara með hópa í hjóla-, vettvangs- og gönguferðir.

Starfshættir

Á vikulegum stjórnendafundum er að sögn deildarstjóra rætt um verkefni framundan, málefni einstakra deilda og vandamál innanhús. Fundirnir væru stundum gagnlegir og þeir færu batnandi. Deildarstjórar skipuleggja viku áætlanir og í framhaldi skipuleggja hópstjórar sín verkefni, mismunandi eftir deildum. Styrkleikar hvers starfsmanns eru nýttir, svo sem í myndlist, málörvun og stærðfræði.[43] Í dagskipulagi eða í gögnum leikskólans koma ekki fram áherslur, þemu eða annað sem gæti skýrt nánar skipulagt uppeldisstarf leikskólans. Nokkrir þættir hafa fest sig í sessi og má þar nefna Grænfánaverkefnið og útinám því tengt, ferðir í íþróttahús með starfsmanni og íþróttakennara leikskólans og markvisst hópastarf þar sem unnið er að ýmsum skipulögðum verkefnum. Deildarstjórar lýstu ánægju með Grænfána-verkefnið, skipulagt íþróttastarf fyrir alla hópa frá öllum deildum og vettvangs- og gönguferðir um nærumhverfið. [44]

---

[40] Rýnihópur deildarstjóra.

[41] Rýnihópur foreldra.

[42] Rýnihópur deildarstjóra og starfsfólks.

[43] Rýnihópur starfsfólks.

[44] Rýnihópur deildarstjóra.

Á meðan á vettvangsheimsókn stóð mátti sjá nokkur viðfangsefni barnanna, áherslur eins og Grænfánaverkefni og Heilsuleikskóla í starfinu. Hópastarf inni og úti og ferðir um nágrennið voru ríkjandi þessa daga og einnig frjáls leikur á leikskólalóðinni. Í hópastarfi inni fyrir hádegi var börnunum skipt í minni hópa og samkvæmt dagskipulagi var farið í íþróttahús, gönguferðir, myndlist, Lubbastundir, jóga og skólaverkefni voru unnin á elstu deild. Matsaðilar sáu börnin í útileikjum, í matmálstímum, á leið í hjóla- og gönguferðir, í íþróttahús og við vinnu á skólaverkefnum. Í dagskipulag yngstu barnanna var einnig hópastarf og lögð áhersla á sköpun, málörvun, útiveru og íþróttahús. Einnig mátti sjá á vegg hugmyndir að efnivið fyrir *Könnunarleikinn* (e: Heuristic play with objects)[45] þó hans væri ekki getið í dagskipulagi. Matsaðilar sáu yngstu börnin í hópastarfi í íþróttahúsi auk matmálstíma og útileikja. Að sögn deildarstjóra í rýnihóp er samstarf og samábyrgð á hverri deild nokkuð gott. Ef kemur upp erfið staða er það rætt og reynt að leysa það innan deildar. Að mati þeirra gengur dagskipulag vel, starfsfólk stjórnar hópatímum og vinnur vel saman. Unnið er saman að verkefnum og allar hugmyndir fá að njóta sín. Samstarf milli deilda var betra fyrir Covid 19 þegar unnið var meira saman með barnahópa þvert á deildir.[46] Flestir í rýnihópi starfsfólks tóku undir með deildarstjórum um gott samstarf innan deilda en erfitt væri að vinna saman þvert á deildir vegna húsnæðis og eins hefði Covid 19 haft áhrif.[47] Spurningunni um hvað mætti bæta í leikskólanum svöruðu báðir rýnihópar að bæta þyrfti samstarf starfsfólks, samskipti og starfsandann og mestu máli skipti að gera starfsmannastefnu. Nauðsynlegt væri að taka á starfsmannamálum og deildarstjórar sögðu að duglegt starfsfólk gæfist upp.

Starfsfólk sagði að ekki væru samræmdar reglur á deildum og mismunandi hvaða aðferðir væru notaðar þegar börn eru tekin úr aðstæðum. Ekki eru skýrar sameiginlegar áherslur um samskipti starfsfólks við börnin og mismunandi getur verið hvernig talað er við þau að sögn starfsfólks. Í rýnihóp deildarstjóra kom fram að nauðsynlegt væri að samræma aðferðir og reglur um samskipti við börnin. Starfsfólk var sammála um að framkoma við börnin væri almennt góð og borin væri virðing fyrir þeim og að börnunum liði vel. Að sögn þeirra hafa farið fram umræður um samskipti innan leikskólans og á töflu í kaffistofu voru miðar með hugmyndum starfsfólks frá starfsdegi um bætt samskipti sem væri undirbúningsvinna fyrir endurskoðun skólanámskrár.[48] Á vettvangi mátti sjá sjálfsörugg, frísk og áræðin börn. Samskipti starfsfólks við börnin einkenndust að mestu af umhyggju, jákvæðni og áhuga. Starfsfólk leiðbeinir og tekur þátt í verkefnum t.d. í hópastarfi og í vettvangsferðum og að sögn sérkennslustjóra er yfir heildina borin virðing fyrir börnunum, þeim hrósað og þau hvött áfram.[49] Foreldrar í rýnihópi sögðu viðhorf starfsfólks til barnanna almennt gott en á tímabili hefði verð mismunandi hvort börnin vildu fara í leikskólann. Starfsandinn væri misjafn eftir

[45] Könnunarleikur.
[46] Rýnihópur deildarstjóra.
[47] Rýnihópur starfsfólks.
[48] Rýnihópur deildarstjóra og starfsfólks.
[49] Viðtal við sérkennslustjóra.

deildum og viðmót deildarstjóra einnig en þeir væru óvissir í dag þar sem minni samskipti væru vegna Covid 19.[50]

Lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna

Í skólanámskrá er ekki gerð grein fyrir markmiðum og leiðum eða hvernig unnið er með lýðræði og þátttöku barna í daglegu starfi. Að sögn deildarstjóra hafa börnin áhrif á viðfangsefni í vali, einnig val um að vera úti eða inni. Þau geta farið á milli leiksvæða og í frjálsum leik velja þau verkefni. Leikefni á leikfangasafni er skipt úr reglulega og hafa börnin áhrif á hvað er valið, fara ásamt starfsmanni og velja leikefni. Við undirbúning matmálstíma leggja þjónar á borð, kynna hvað er í matinn, meðal annars með táknmáli og þurrka af borðum eftir matinn. Eftir máltíð ganga öll börnin frá eftir sig. Á yngstu deild fara börnin á milli tveggja leikherbergja í frjálsum leik, þau fara tvö til þrjú saman ásamt starfsmanni, velja leikefni fyrir allan hópinn og eiga að komast að samkomulagi um leikefnið. Að sögn deildarstjóra eiga allir sinn stað í barnahópnum og hann leggur áherslu á að hlustað sé að raddir allra barna á deildinni, vilja þeirra og þarfir. Deildarstjórar sögðu að börnin væru ekki þátttakendur í stærri ákvarðanatöku og hafa ekki raunveruleg áhrif á skipulagðar stundir, þá stjórnar starfsfólk. Í Grænfánaverkefninu semja elstu börnin reglur sem þau miðla til allra hópa. Allur leikskólinn styðst við *Bínu* reglur[51] þar sem unnið er með undirstöðuþætti boðskipta í samverustund og við matarborðið.[52] Bínu reglurnar eru sýnilegar á flestum deildum en mismunandi hvort þær voru í hæð barna. Á vettvangi mátti sjá að börnin á eldri deildum voru sjálfstæð í fataklefa og í frjálsum leik og í matartímum velja þau hvað þau borða af því sem í boði er, velja af hlaðborði með aðstoð starfsmanns. Þegar þau voru spurð um reglur í leikskólanum sögðust þau fá að „leika frjálst þegar þau væru búin að læra, þau velja hvað þau borða en þurfa að borða kjöt og í íþróttahúsinu væri frjáls leikur“. Þau voru viss um hvað væri bannað: „að meiða, bíta, sparka, benda á fólk og vera í skóm inni“. Þau sögðu staðföst að engin meiddi í leikskólanum og þau væru góðir vinir.[53]

Námssvið

Í skólanámskrá er gerð grein fyrir námssviðum leikskólans og helstu leiðum í daglegu starfi. Meðal þess sem kemur fram er áhersla á sjálfsprottinn leik, samskipti og vináttu barna. Í hópatímum eru unnin fjölbreytt verkefni tengd grunnþáttum menntunar og reynt að þróa þau eftir getu og áhuga barnanna. Markvisst er unnið með umhverfismennt, útikennsla fer fram allt skólaárið og verkefni unnin í samvinnu við börnin.[54] Í dagskipulagi og á vettvangi mátti sjá Grænfána- og Heilsuleikskólann birtast í mikilli og fjölbreyttri útiveru á leikskólalóð og í

[50] Rýnihópur foreldra.
[51] www.talstudio.is
[52] Rýnihópur deildarstjóra og starfsfólks.
[53] Rýnihópur barna.
[54] Skólanámskrá Heklukots 2017.

vettvangsferðum um nánasta umhverfi. Að sögn deildarstjóra er lögð áhersla á frjálsan leik og að börnunum finnist gaman í leikskólanum. Þeir lögðu áherslu á að ekki megi gleymast að í frjálsum leik fari fram nám og sögðust nýta daglegar athafnir til kennslu.

Gögn um áherslur og verkefni í útinámi bárust ekki á meðan vinna við skýrslu stóð.

Námsumhverfið styður að hluta til við máltöku og málþroska barna. Í skólanámskrá kemur fram að unnið sé með læsi á fjölbreyttan hátt, meðal annars með tjáningu í daglegu starfi, börnum kennt að orða vilja sinn á jákvæðan og opinn hátt í samverustundum þar sem er sungið, lesið og spjallað saman. Samskipti eru styrkt meðal annars með Bínu.[55] Upplýsingar sem sýna læsisstefnu, áherslur, markmið og leiðir voru ekki í gögnum leikskólans. Að sögn deildarstjóra eru stundum lesnar bækur í samverustundum en einnig á öðrum tímum dagsins. Í viðtali við sérkennslustjóra kom fram að vel væri unnið í hópastarfi, starfsfólk stæði sig vel og viðfangsefni væru fjölbreytt. Meðal verkefna væru málörvunarstundir þar sem stuðst er við *Lubbi finnur mábein*. Leikskólastjóri nefndi Lubba og að helst væri unnið með hann á elstu deild, sú vinna væri vel unnin og mikilvæg fyrir börnin. Hann bindur vonir við að unnið verði með áðurnefnt þróunarverkefni *Snemmtæk íhlutun, mál og læsi*. Foreldrar hafa fengið kynningu á Lubba á foreldrafundi og þegar spurt var um starfið með börnunum sögðu nokkrir að í heildina væru þeir ánægðir.[56] Á vettvangi mátti sjá Lubba uppi í hillum og á veggjum deilda voru myndir og tákn sem tengjast Lubba verkefninu, aðrar upplýsingar um vinnu með Lubba voru ekki aðgengilegar. Tákn með tali er víða á veggjum deilda, sumt í hæð barna, annað hærra uppi. Ritmál og tölur eru einnig á veggjum sumra deilda en mismunandi hvar og hvernig gengið er frá því. Þegar börnin voru spurð hvað þau gerðu í leikskólanum sögðust þau „læra og mála, leika og skoða bækur, læra að gera verkefni, tölur og lesa“ og þau voru vel að sér þegar þeim voru sýndar tölur og bókstafir.[57] Mismunandi var hvort og hvernig leikefni og námsgögn voru merkt, gerð sýnileg og áhugaverð fyrir börnin. Þar skorti nokkuð á samræmi milli deilda. Eins og áður hefur komið fram er verið að yfirfara allar bækur á bókasafni og þess vegna minna af bókum á deildum. Matsaðilar sáu nokkrar bækur á deildum en mismunandi var hvað þær voru vel með farnar, áhugaverðar og aðgengilegar börnunum.

Í matmálstímum mátti sjá að lögð var áhersla á að skapa rólega stund og barnahópnum skipt í minni hópa í fleiri stofur. Starfsfólk situr við borð með börnunum og aðstoðar þau ef þarf. Á nokkrum deildum lögðu börnin á borð en almennt skammtar starfsfólk börnunum og er það gert núna vegna Covid 19. Á sumum deildum voru börnin með hnífa sem hvatningu til að hjálpa sér sjálf. Börnin gengu frá eftir matinn. Matmálstíma var gefinn góður tími og almennt leið börnunum vel. Eftir mat var hvíld og kostur er að geta skipt barnahópnum í minni rými eftir hvíldarþörf, yngstu börnin sofna en eldri börnin leggjast á dýnur og hlusta á tónlist eða sögur.

[55] Skólanámskrá Heklukots 2017.

[56] Rýnihópur foreldra.

[57] Rýnihópur barna.

Vinna með heilbrigði og vellíðan er í samræmi við áherslur í skólanámskrá. Lögð er áhersla á hreyfingu, úti og inni. Reglulega er farið í íþróttahúsið og í göngutúra. Einnig er boðið upp á hollan og góðan mat.[58] Eins og áður kemur fram er lögð áhersla á útiveru, frjálsa og skipulagða leiki og mátti sjá börnin njóta sín í ferðum og leikjum úti. Samskipti starfsfólks við börnin voru almennt jákvæð og styðjandi. Á vettvangi var starfsfólk á yngstu deild nálægt börnunum, sýndi þeim alúð og aðstoðaði á leiksvæðinu úti. Börn í rýnihóp sögðu að það væri gaman úti að leika og að starfsfólk léki stundum með þeim eins og til dæmis „að moka í sandkassanum".[59]

Í skólanámskrá er fjallað um umhverfismennt sem er í samræmi við áherslur leikskólans í dag. Þar segir að unnið skuli markvisst með umhverfismennt með áherslu á nærumhverfi barnsins. Elstu börnin sitji í umhverfisnefnd, fái leiðsögn í umhverfismennt og geti komið hugmyndum sínum á framfæri. Lögð skuli áhersla á að börnin læri að virða og vernda náttúruna.[60] Ekki koma fram leiðir að markmiðum eða nánar hvernig unnið er í útinámi og skortur var á upplýsingum og gögnum um útinám. Að sögn deildarstjóra í rýnihóp á leikskólinn leynistað í rjóðri sem er mjög vinsæll hjá börnunum. Þau taka græðlinga af mismunandi trjám, rækta upp og gróðursetja á leynistaðnum og í útikennslu skoða þau laufblöð, orma og fleira áhugavert í náttúrunni.[61] Í flestum gluggum á deildum mátti sjá að verið var að rækta sumarblóm. Í næsta húsi við leikskólann voru hænur og fá þær matarafganga frá leikskólanum. Leikskólinn flokkar pappír og plast og mátti sjá flokkunarkassa á deildum. Auk vísinda í útinámi var á deildum leik- og námsefni er tengist vísindum, eins og Unid-kubbar, legókubbar og fleiri tegundir voru á leikfangasafni auk Numicon kubba á elstu deild. Að sögn deildarstjóra á leikskólinn smásjá og myndvarpa en skortur var á upplýsingum um hvernig það er nýtt í starfi með börnunum. Á vettvangi mátti sjá elstu börnin ásamt hópstjóra vinna stærðfræðiverkefni af blöðum, leggja saman og draga frá. Numicon kubbar eru einnig nýttir í stærðfræðiverkefnum í hópastarfi en leikskólastjóri vill endurskoða þá tilhögun og bjóða fleiri börnum aðgang að kubbunum.

Samkvæmt skólanámskrá er unnið með opinn, fjölbreyttan og endurnýtanlegan efnivið, börnin ráða sjálf ferðinni og útkoman verður því margbreytileg.[62] Listsköpun fer að mestu fram í listastofu, í sameiginlegu rými í leikskólabyggingunni en einnig á deildum. Aðgengi barna að efnivið til listsköpunar á flestum deildum er takmarkað og mætti bæta. Málning og pappír eru ofarlega í hillum og í hillum á leikfangasafni inni á deildum. Á deildum mátti sjá verkefni eftir börnin og nokkur verkanna sýndu að lögð er áhersla á frjálsa sköpun þar sem áhersla er á ferlið fremur en afurðina. Að sögn leikskólastjóra er enginn sérstakur starfsmaður sem heldur utan um skapandi starf.[63]

---

[58] Skólanámskrá Heklukots 2017.

[59] Rýnihópur barna.

[60] Skólanámskrá Heklukots 2017.

[61] Rýnihópur deildarstjóra.

[62] Skólanámskrá Heklukots 2017.

[63] Viðtal við leikskólastjóra.

Búnaður og aðgengi barna til hlutverkaleikja var mismunandi eftir deildum. Brúðuleikhús á einni deild vakti gleði og áhuga barnanna þegar starfsmaður leiddi börnin áfram í sjálfsprotnum leikverkum við einfalt svið. Eldhúsbúnaður í litlu opnu rými var í leikskóla-húsnæðinu og sýnlega vinsælt í frjálsum leik. Á öðrum deildum var vísir að búnaði til hlutverkaleikja, eldavél og fatnaður í kössum í hillum og í leikfangasafni á deild nokkuð úr sér gengið og ekki aðgengilegt börnunum. Á öllum deildum mætti endurskoða og bæta búnað til hlutverkaleikja og samræma. Tónlist fer fram í söngstundum eftir morgunmat og eftir hádegi á deildum að sögn deildarstjóra og tónlistarkennari grunnskólans kemur einu sinni í viku á elstu deild, kynnir hljóðfæri og börnin fá tækifæri til að spila. Auk þess sagðist leikskóla-kennarinn vera með tónlistarstundir. Börnin sögðu að ekki væri nóg af dóti í leikskólanum og þegar þau voru spurð hvað vantaði nefndu þau „fleiri hjól úti, kastala, trambólín, blöðrur, hoppubolta og stórt tré með húsi“.[64]

Velferð og líðan barna

Almennt einkenndist andrúmsloftið í leikskólanum af umhyggju og virðingu fyrir börnunum. Flest starfsfólk var til staðar fyrir börnin, sýndi þeim áhuga, leiðbeindi, veitti aðstoð og var nálægt þeim í leik og hópastarfi. Á yngstu deildum sýndi starfsfólk börnunum umhyggju í daglegum athöfnum, veittu þeim öryggi og var til staðar í útiveru. Í matmálstímum sat starfs-fólk með börnunum en matmálstíma mætti nýta betur í uppeldislegum tilgangi. Að sögn foreldra líður börnunum vel í leikskólanum. Almennt væri vel tekið á móti þeim á morgnana en það gæti samt verið mismunandi hvort þau vildu fara í leikskólann. Eitt foreldri nefndi dæmi að á tímabili hefði verið erfitt á einni deildinni vegna tíðra starfsmannaskipta en væri betra núna.[65] Flest börnin í rýnihópi voru á því að það væri ekki leiðinlegt í leikskólanum, helst að það væri leiðinlegt að fara heim og þegar það eru mikil læti. Þau sögðu kennarana hrósa þeim og ef þau væru óþekk þá velji kennararnir í vali.[66]

Mat á námi og velferð barna

Við mat á námi og velferð barna eru notuð viðurkennd matstæki; *Hljóm-2,* sem kannar hljóðkerfis- og málvitund og er lagt fyrir elstu börnin, *Tras skráningarlistinn* (n: Tidlig registrering av spåkudvikling) er fyrir börn á aldrinum tveggja til fimm ára, *Orðaskil - málþroskalisti* sem er málþroskaskimun fyrir börn á aldrinum eins og hálfs árs til þriggja ára og er notaður ef grunur vaknar um frávik, *Íslenski þroskalistinn* sem metur þroska þriggja til sex ára barna með því að afla upplýsinga frá mæðrum þeirra og *Smábarnalistinn* sem metur mál- og hreyfiþroska 15 til 38 mánaða barna.[67] Í rýnihópi deildarstjóra kom fram að í Heilsu-bókina eru skráðar ýmsar upplýsingar um barnið, horft á hvernig því líður og upplýsingar

[64] Rýnihópur barna.
[65] Rýnihópur foreldra.
[66] Rýnihópur barna.
[67] Viðtal við sérkennslustjóra og skólanámskrá Heklukots 2017.

nýttar í foreldraviðtölum sem eru einu sinni á ári. Einnig var nefndur heimagerður listi fyrir eins árs gömul börn og er listinn unnin upp úr Heilsubókinni.[68] Matsaðilar fengu þennan matslista ekki afhentan. Að sögn sérkennslustjóra er markvisst unnið með Heilsubókina í íþróttahúsinu en þyrfti að vinna markvissar með aðra þætti, það fari eftir reynslu og þekkingu starfsfólks hvernig það gangi. Deildarstjórar eiga að bera ábyrgð en það vilji brenna við að markmiðum og áætlunum sé ekki fylgt eftir.[69] Í leikskólanum fara ekki fram *uppeldislegar skráningar* á námi og framförum barna og þau setja sér ekki markmið með námi sínu eða meta framfarir sínar. Umræður starfsfólks um börnin fara fram á deildarfundum og reynt er að fylgjast með hópnum og meta.[70] Fram kom í viðtali við leikskólastjóra að elstu börnin hafa tekið þátt í að meta starfið, gera „tengslakönnun“ og broskallar eru notaðir til að kanna hvar og í hvaða aðstæðum börnunum líður vel.[71] Fyrrgreind gögn varðandi mat barna voru ekki afhent matsaðilum.

Styrkleikar

- Húsnæði leikskólans er vel nýtt til náms og leikja.
- Börnin hafa áhrif á val leikefnis þegar skipt er um leikföng á leikfangasafni.
- Áherslur og markvisst útinám tengt Grænfána- og Heilsuleikskólanum endurspeglast í starfi leikskólans.
- Svæði utan leikskólans eru vel nýtt til útináms og starfsfólk er stolt af verkefnum þeim tengdum.
- Börnin eru sjálfsörugg, glöð og áræðin.
- Lögð er áhersla á rólega stund í matmálstímum og börnum skipt í minni hópa.
- Vel er staðið að vinnu með heilbrigði og vellíðan barna og notaðar fjölbreyttar leiðir.
- Viðurkennd matstæki eru notuð við mat á námi og velferð barna.
- Markvisst er unnið eftir Heilsubók í íþróttahúsi.

Tækifæri til umbóta

- Æskilegt væri að yfirfara og meta efnivið leikskólans, endurnýja og samræma milli deilda. Sérstaklega ætti að endurskoða búnað og leikfangakost yngstu deildar og bæta aðgengi barnanna að leikefni.
- Endurskoða þarf skipulag kringum fundi, tímalengd funda, dagskrá og undirbúningstíma og kynna starfsfólki.
- Æskilegt væri að samræma áherslur og aðferðir um samskipti starfsfólks við börnin með þátttöku allra og setja í starfsmannahandbók.

---

[68] Rýnihópur deildarstjóra.
[69] Viðtal við sérkennslustjóra.
[70] Rýnihópur deildarstjóra.
[71] Viðtal við leikskólastjóra.

- Bæta mætti og samræma merkingar á leikefni og námsgögnum, gera þau áhugaverð og sýnileg börnum.
- Gera læsisstefnu fyrir leikskólann og birta í gögnum leikskólans.
- Bæta og samræma ritmál, tölur og tákn á veggjum deilda og hafa í hæð barna.
- Gera vísindastarf í útinámi, vísindastarf á deildum aðgengengilegt í gögnum og sjá til þess að unnið sé á fjölbreyttan hátt með vísindi og stærðfræði.
- Auka aðgengi barna á deildum að efniviði til listsköpunar.
- Bæta búnað og aðgengi barna að hlutverkaleikjum.
- Leita leiða til að gefa börnum tækifæri til að meta nám sitt og setja sér markmið.
- Æskilegt væri að taka upp uppeldislegar skráningar á námi barna.
- Gera námssviðum leikskólans, markmiðum og leiðum skil í skólanámskrá.

Foreldrasamvinna og ytri tengsl

Þátttaka foreldra og upplýsingamiðlun

Foreldraráð er starfandi við leikskólann. Þrír fulltrúar sitja í ráðinu sem kosnir er að hausti. Tvö ár eru frá því að síðast var kosið í ráðið og á Covid 19 þátt í því. Á heimasíðu er hlekkur merktur foreldraráði og þar má finna starfsreglur foreldaráðs. Ekki er gerð formleg dagskrá fyrir fundi ráðsins, fundargerðir eru skrifaðar en ekki birtar á heimasíðu. Foreldraráð heldur fundi að hausti og vori, þess á milli er fésbókarspjall eftir þörfum að sögn formanns. Leikskólastjóri er boðaður á fundina og farið er yfir það sem vel er gert og það sem þarf að bæta. Foreldraráð les yfir skólanámskrá og skóladagatal. Foreldrar geta leitað til ráðsins um sín mál en gera lítið að því að sögn formanns sem benti á að það vantaði betri kynningu.

Foreldrafélag er starfandi við leikskólann, félagið fundar reglulega og heldur fundargerðir.[72] Á heimasíðu er krækja merkt foreldrafélaginu, þar eru upplýsingar um fulltrúa félagsins síðan í september 2019, engar fundargerðir eru á heimasíðu eða upplýsingar um hlutverk félagsins.[73] Samkvæmt rýnihópi foreldra og leikskólastjóra er foreldrafélagið virkur samstarfsaðili við leikskólann. Hlutverk þess er að sjá um vorhátíð og leiksýningar. Foreldrafélag sér um viðburði tengda jólum, sjá um jólaljósin við tréð á árbakkanum, bjóða börnunum kakó og smákökur, sjá til þess að jólasveinarnir komi með jólagjafir handa börnunum og hafa gefi leikskólanum gjafir. Vel er mætt á viðburði eins og vorhátíð og foreldrakaffi. Á áætlun er að bjóða upp á fræðslu fyrir foreldra eins og skyndihjálparnámskeið. Foreldrar sögðust eiga í góðum samskiptum við stjórnendur og að þeir væru ánægðir með það sem félagið leggur til.

Foreldrar í rýnihópi fá helst upplýsingar í gegnum fésbók og tölvupóst en skoða lítið sem ekkert heimasíðu leikskólans. Þeir fá vikulegar upplýsingar frá deildarstjórum um hvað börnin eru að gera en það eigi þó ekki við um allar deildir. Ein deild sendir myndir af börnunum og ein deild sendir SMS-skilaboð. Á Karellen fá þau send dagleg skilaboð, myndir og matseðil en það vantar upp á tilkynningar og upplýsingagjöf. Þau bentu einnig á að það vanti upp á upplýsingagjöf í lok dags, til dæmis ef börn verða fyrir óhappi þá fá foreldrar ekki alltaf upplýsingar.

Foreldrar sögðust hvattir til samstarfs, meðal annars um mikilvægi lesturs fyrir börnin og væru hvött til að skila miðum með upplýsingum um hvaða bækur voru lesnar heima. Rikki hundur (Lubbi) fer heim með hverju barni með hvatningu um að flokka. Vel væri tekið í ábendingar frá foreldrum, t.d. um styttingu á svefni barna, ofnæmi/óþol en það skorti á fræðslu til starfsfólks um ýmislegt hvað þetta varðar eins og til dæmis fæði og ofnæmi og að því sé sýndur skilningur. Í rýnihóp var tekið dæmi sem var rætt við leikskólastjóra en engar breytingar urðu í kjölfarið.

[72] Rýnihópur foreldra.

[73] Heimasíða Heklukots.

Viðhorf foreldra

Nýir foreldrar fá helst upplýsingar um starf leikskólans meðan á þátttökuaðlögun stendur sagði leikskólastjóri en þá eru foreldrar með barni sínu í leikskólanum í nokkra daga og taka þátt í daglegu starfi. Á vegg á yngstu deild mátti sjá eintak um áætlun um þátttökuaðlögun. Að sögn leikskólastjóra fengu foreldrar bækling, *Velkomin í leikskólann,* en telur óvíst að hann sé í notkun lengur. Upplýsingar um leikskólann á öðrum tungumálum voru ekki í gögnum leikskólans og sagði leikskólastjóri erlenda foreldrar vera duglega að bjarga sér, til dæmis nota þeir *Google* þýðingarapp og leiti sér aðstoðar. Sem dæmi nefndi hann að pólska samfélagið væri stórt og þar hjálpast fólk að við að leysa samskipti við leikskólann.

Foreldrar kannast við einkunnarorðin *Leikur – gleði - lífsleikni*, nokkrir sögðust hafa séð einkunnarorðin og nefndu að töluvert væri um fræðslu og kennslu sem væri jákvætt. Þeir þekktu ekki hvort foreldrar komu að mótun stefnunnar, voru ekki foreldrar í leikskólanum á þeim tíma. Þau voru sammála um að aðstaða í leikskólanum væri erfið, bæði inni og úti og mörg ár væri síðan leikskólalóðin hefði verið lagfærð og kalla eftir meiri metnaði hjá sveitarfélaginu.[74]

Ekki bárust niðurstöður nýlegrar foreldrakönnunar Skólapúlsins og eru þessar niðurstöður því byggðar á viðtölum og gögnum frá leikskólanum.

Samstarf við grunnskóla

Samkvæmt skólanámskrá á að vera formlegt samstarf milli leik- og grunnskólans með áherslu á gott samstarf og heimsóknir milli skólastiga allan veturinn. Börnin eigi að fara í hinar ýmsu stundir og kynnast þannig grunnskólanum. Í vitali við leikskólastjóra sagði hann börnin væru um þessar mundir í vorskóla og áætlun um samstarf skólastigana væri sent foreldrum.[75] Leikskólinn er einnig í samstarfi við íþróttahúsið sem þau fá reglulegan aðgang að. Auk þess kemur tónlistarkennari grunnskólans vikulega á elstu deildina þar sem þeim eru kynnt undirstöðuatriði í tónlistarnámi og börnin æfa söng fyrir útskriftina á vorin.[76]

Gögn um samstarf skólastiga barst ekki á meðan vinnu við skýrslu stóð.

Annað samstarf

Leikskólinn er virkur þátttakandi í samfélaginu og er í góðu og reglulegu samstarfi við íþróttahúsið og sundlaugina en elstu börnin fara í sund þar sem sundkennari tekur á móti þeim. Börnin heimsækja Lund, dvalarheimili aldraðra reglulega og syngja fyrir heimilisfólk, einnig er samstarf við slökkviliðið og tannlækninn. Börnin mikið á ferðinni og stutt í allar áttir, þau gefa

[74] Rýnihópur foreldra.

[75] Viðtal við leikskólastjóra.

[76] Skólanámskrá Heklukots 2017.

hestunum brauð, hænunum matarafganga, skoða hellana á Ægissíðu við Hellu, skreyta jólatréð í bænum og heimsækja ýmis fyrirtæki og sögðu deildarstjórar að þau væru sýnileg í þorpinu. Hluti af þessari samvinnu hefur legið niðri vegna Covid 19.[77]

Styrkleikar

- Foreldraráð er starfandi við leikskólann og starfsreglur þess eru á heimasíðu leikskólans.
- Foreldrafélag er starfandi við leikskólann og er virkur samstarfsaðili leikskólans.
- Vel er tekið í ábendingar foreldra um þarfir barnsins.
- Foreldrar eru hvattir til samstarfs sem tengt er læsi barna og umhverfismennt.
- Samstarf er við sundlaug og tónlistkennara grunnskólans.
- Leikskólinn er virkur þátttakandi í samfélaginu, fer í heimsóknir og nýtir sér opin svæði.

Tækifæri til umbóta

- Gera fundargerðir foreldraráðs og foreldrafélags aðgengilegar á heimasíðu leikskólans.
- Leita leiða til að bæta kynningu á foreldraráði.
- Gera þarf foreldrahandbók með helstu upplýsingum um starfsemi leikskólans og aðlögun barna, helst á fleiri tungumálum en íslensku.
- Æskilegt er að kynna stefnu, áherslur og einkunnarorð leikskólans fyrir foreldrum.
- Gera gögn um samstarf leik- og grunnskóla sýnleg í skólanámskrá og á heimasíðu, einnig samstarf við tólistakennara grunnskólans og sundlaugina.

Skóli án aðgreiningar

Skólaþjónusta og sérkennsla

Í leikskólanum starfar sérkennslustjóri í 100% starfi sem hefur ábyrgð og umsjón með sérkennslu, sinnir frumgreiningu og veitir starfsfólki og foreldrum ráðgjöf. Sérkennslustjóri er hluti af stjórnunarteyminu og tekur ákvarðanir er varðar börn með stuðning, situr deildarfundi ef óskað er og miðlar upplýsinum um einstök börn. Sérkennslustjóri er í meistaranámi í leikskólakennarafræðum og hefur starfað sem sérkennslustjóri frá hausti 2020. Hann sinnir einn stuðningi barna með sérþarfir og veitir starfsfólki ráðgjöf og stuðning á deildum vegna einstakra barna. Hann sinnir skýrslugerð, fræðir, leiðbeinir og vinnur með börnunum. Hann sagðist vera einn með öll verkefnin og að sig vanti samstarfsmann, ekkert stöðugildi væri til að sinna stuðningi á deildum. Fram kom hjá sérkennslustjóra að lögð væri áhersla á snemmtæka íhlutun og reynt er að grípa börnin snemma sem er í samræmi við áherslur í skóla-

[77] Viðtal við leikskólastjóra og rýnihópur deildarstjóra.

námskrá leikskólans. Þar er m.a. lögð áhersla á góð samskipti við foreldra.[78] Sérkennslustjóri vinnur náið með sálfræðingi, talmeinafræðingi og leikskólaráðgjafa hjá skólaþjónustu sveitarfélagsins og fær þar góðan stuðning og ráðleggingar sem hann metur mikils. Myndað er teymi um börn með sérþarfir og að sögn deildarstjóra í rýnihópi eru teymisfundir haldnir reglulega, fundað aukalega ef foreldrar óska eftir því og er starfsfólk yfirleitt meðvitað um einstaklingsnámskrá barnsins.[79] Fram kom hjá sérkennslustjóra að einstaklingsnámskrá er unnin í samstarfi við sérfræðinga, deildarstjóra og foreldra barnsins. Gerð væru námsmarkmið sem eru metin reglulega og væru virk á deildum. Allt starfsfólk eigi að þekkja áætlunina og markmið hennar. Sérkennslustjóri á góð samskipti við deildarstjóra, segir þá vinna vel saman, styður þá og gefur góð ráð. Að sögn sérkennslustjóra er skráning og markviss vinna vegna einstakra barna mikilvæg en skorti stundum á að því væri framfylgt. Fáir fagmenn starfa í leikskólanum, lítil reynsla, skortur á þekkingu á frávikum barna og því stundum erfitt að leiðbeina starfsfólki.[80] Deildarstjórar voru sammála að það vantaði upp á skráningar og skortur væri á starfsfólki með þekkingu á börnum með sérþarfir. Starfsfólk fær upplýsingar um einstök börn, þeir fá stuðning frá sérkennslustjóra og á starfsmannafundum fá þeir kynningu á því hvernig bregðast eigi við ákveðnum börnum. Þá sagðist starfsfólk vera ánægt með fræðslu sem skólaþjónustan veitir um þroskafrávik barna.[81] Aðstaða til fundarhalda er góð að mati sérkennslustjóra og leikskólinn ágætlega búinn náms- og kennslugögnum, margt til og auðvelt að kaupa það sem vantar. Hann hefur ekki staðið frammi fyrir því að taka á móti mikið fötluðum einstaklingum en aðstaðan væri ekki góð, til dæmis fyrir hjólastóla. Aðspurður sagði hann að sér liði vel, hann fengi hrós og væri stoltur af starfi sínu. Foreldrar barna með sérþarfir voru ánægðir með þær upplýsingar sem þeir fengju og gott samstarf væri við sérkennslustjóra.

Börn með annað móðurmál en íslensku

Ekki bárust gögn um fjölda barna með annað móðurmál en íslensku eða gögn um mót-tökuáætlun fyrir börn af erlendum uppruna. Í viðtölum er kallað á túlk ef þarf og hefur leik-skólinn fengið fólk úr öðru bæjarfélagi sem túlkar ef foreldrar eru sáttir við það. Einnig hefur verið boðið upp á símatúlk.[82]

Öll börn eiga sinn stað í barnahópnum að sögn deildarstjóra. Að hluta til er unnið með heimamenningu barna. Þau fara heim með Rikka (Lubbi) sem hvetur foreldra og börn til þess að auka flokkun heima. Lesið er úr bók sem börnin og Rikki koma með að heiman og verkefnin að heiman rædd í samverustund, systkini fara saman heim með Rikka. Flaggað er fyrir barni

[78] Skólanámskrá Heklukots 2017.
[79] Rýnihópur deildarstjóra.
[80] Viðtal við sérkennslustjóra.
[81] Rýnihópur starfsfólks.
[82] Viðtal við leikskólastjóra.

þegar það á afmæli með þjóðfána barnsins og íslenska fánanum.[83] Í skólanámskrá er heimamenningu gerð skil, gerð grein fyrir afmælum barna, fjölbreytileika er varðar þjóðerni og haldið upp á það með ýmsum þætti, svo sem hlutað á tónlist og bækur skoðaðar.[84]

Styrkleikar

- Sérkennslustjóri er starfandi við leikskólann sem hefur ábyrgð og umsjón með sérkennslu og frumgreiningum, leiðbeinir starfsfólki og fræðir.
- Lögð er áhersla á snemmtæka íhlutun og sérkennslustjóri vinnur náið með sálfræðingi og talmeinafræðingi hjá Skólaþjónustunni.
- Myndað er teymi um börn með sérþarfir og teymisfundir haldnir reglulega.
- Einstaklingsnámskrá er unnin í samstarfi við sérfræðinga, deildarstjóra og foreldra barnsins.
- Sérkennslustjóri fær góðan stuðning frá leikskólaráðgjafa.
- Starfsfólk fær fræðslu á starfsmannafundum og stuðning til þess að vinna með einstök börn.
- Starfsfólk er ánægt með fræðslu og stuðning sérkennslustjóra og fræðslu sem skólaþjónustan veitir.

Tækifæri til umbóta

- Leita þarf leiða til að ráða starfsmann sem sinnir stuðningi á deildum.
- Auka þarf þekkingu starfsfólks á frávikum barna og mikilvægi skráningar og markvissrar vinnu.
- Auka markvisst vinnu með heimamenningu allra barna og gera sýnilega í gögnum leikskólans.

[83] Rýnihópur deildarstjóra.

[84] Skólanámskrá Heklukots 2017.

Innra mat

Skipulag og viðfangsefni

Skólanámskrá gefur ekki til kynna hvernig unnið er að innra mati á annan hátt en að leikskólinn styðst við Skólapúlsinn til þess að fylgjast með og bæta innra starf skólans.[85] Ákveðið mat fer fram er tengist Heilsubókinni en upplýsingar um hvernig unnið er með niðurstöður liggja ekki fyrir. Foreldrakönnun var send út fyrir skömmu og starfsmannakönnun átti að senda út meðan matsaðilar voru á vettvangi. Niðurstöður bárust ekki á meðan á vinnslu skýrslunnar stóð. Innra mat var ekki unnið í leikskólanum á síðasta ári og ekki er til áætlun um innra mat á þessu skólaári. Matsteymi hefur ekki verið stofnað og upplýsingar um innra mat, skipulag, viðfangsefni, matsaðferðir og áætlun og umbætur voru ekki í gögnum leikskólans.

Gagnaöflun og vinnubrögð

Stafsáætlun fyrir leikskólaárið 2020-2021 er ekki í gögnum leikskólans og upplýsingar um innra mat liggja ekki fyrir. Í viðtali við leikskólastjóra kom fram að niðurstöður foreldra- og starfsmannakannana eru kynntar á starfsmannafundum.[86] Mat á starfsháttum fer ekki fram reglulega og ekki gerð grein fyrir hvað á að meta og hvenær.

Opinber birting og umbætur

Áætlun um innra mat liggur ekki fyrir og heldur ekki greinagerð þar sem fjallað er um niðurstöður innra mats og umbætur. Engar upplýsingar um niðurstöður Skólapúlsins eru í gögnum leikskólans. Engin gögn bárust á meðan vinna við skýrslu stóð.

Styrkleikar

- Ákveðið mat á framförum barna fer fram og tengist Heilsubókinni.

Tækifæri til umbóta

- Stofna matsteymi með þátttöku allra hagsmunaðila, stjórnenda og fulltrúa deilda þannig að allir komi að því að ákveða áherslur og forgangasröðun við innra mat.
- Gera nákvæma matsáætlun til nokkurra ára þar sem fram kemur viðfangsefni matsins, hvaða markmið eigi að meta og viðmið um árangur skilgreind. Tímasetja matið og tilgreina ábyrgðaraðila og hvernig gagna er aflað.
- Meta stefnu leikskólans og markmið markvisst og reglubundið og skilgreina viðmið um gæði og árangur.
- Huga að aðkomu foreldraráðs í að ákveða áherslur og forgangsröðun í innra mati.
- Efla ígrundun starfsfólks á eigin starfsháttum í daglegu starfi.

---

[85] Skólanámskrá Heklukots 2017.

[86] Viðtal við leikskólastjóra.

- Gæta að fjölbreytni í öflun gagna meðal starfsfólks, barna og foreldra með aðferðum sem hæfa viðkomandi hópum og tryggja að raddir barna birtist í mati á leikskólastarfinu.
- Birta greinagerð um innra mat á heimsíðu leikskólans þar sem fram koma upplýsingar um framkvæmdir og niðurstöður og greining á styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Gera nákvæma umbótaáætlun út frá helstu tækifærum til úrbóta þar sem meðal annars kemur fram til hvaða aðgerða þarf að grípa og hvenær, hvernig niðurstöður á endurmati eigi að fara fram og hver beri ábyrgð á að hrinda þeim í framkvæmd.

Samantekt matsþátta

Niðurstöður matsins eru settar fram á myndrænan hátt með lituðum kvarða.

Grænt – Flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

Ljósgrænt – Fleiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.

Gult – Fleiri veikleikar en styrkleikar. Einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta.

Rautt – Mikil umbótaþörf í flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf í mörgum mikilvægu þáttum.

Stjórnun	Uppeldis- og menntastarf	Leikskólabragur	Foreldrasamstarf	Innra mat
Skólanámskrá, starfsáætlun og verklagsreglur	Skipulag náms og námsaðstæður	Viðmót og menning	Þátttaka foreldra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun	Skipulag og viðfangsefni
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	Uppeldi, menntun og starfshættir	Velferð og líðan barna	Viðhorf foreldra	Gagnasöfnun og vinnubrögð
Stjórnun og daglegur rekstur	Leikur og nám, lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	Hlutverk leikskóla-kennara		Opinber birting og umbætur
Faglegt samstarf	Námssvið leikskólans	Fagmennska starfsfólks		
Leikskólaþróun og símenntun	Leikskóli án aðgreiningar	Starfsánægja		
	Mat á námi og velferð barna			

Samantekt

Í þessari skýrslu eru eftirfarandi þættir metnir í starfi leikskólans Heklukots: leikskólinn og umhverfi hans, stjórnun, uppeldis- og menntastarf, mat á námi og velferð barna, skólabragur og samskipti, velferð og líðan barna, foreldrasamvinna og ytri tengsl, skóli án aðgreiningar, innra mat. Áhersla úttektarinnar fólst í að leggja mat á hvort starfsemi leikskólans væri í samræmi við ákvæði laga og reglugerða og aðalnámskrá leikskóla.

Í lok hvers kafla hefur verið gerð grein fyrir styrkleikum leikskólans og hvar tækifæri liggja til úrbóta. Hér á eftir er heildarmat sett fram á sama hátt.

Styrkleikar

- Áherslur Grænfánaleikskólans og Heilsuleikskólans birtast í daglegu starfi.
- Sveitarfélagið styrkir starfsfólk til náms í leikskólakennarafæðum.
- Leikskólinn er með áfallateymi, neyðaráætlun gegn hvers konar vá, viðbrögð við slysum, stefnu og viðbragðsáætlun vegna eineltis, reglur um öryggi barna á leikskólalóðinni og verklag um vernduð líkamssvæði barnsins.
- Skóladagatal er aðgengilegt á heimasíðu leikskólans.
- Nýliðunarnámskeið er haldið fyrir nýtt starfsfólk.
- Starfsfólk er hvatt til að sækja sér símenntun.
- Starfsfólk er stolt af starfi sínu og störf þess og frumkvæði er metið.
- Frjálsræði og sveigjaleiki ríkir í skólasamfélaginu og vel er tekið í hugmyndir starfsfólks.
- Húsnæði leikskólans er vel nýtt til náms og leikja.
- Börnin hafa áhrif á val leikefnis þegar skipt er um leikföng á leikfangasafni.
- Áherslur og markvisst útinám tengt Grænfána- og Heilsuleikskólanum endurspeglast í starfi leikskólans.
- Svæði utan leikskólans eru vel nýtt til útináms og starfsfólk er stolt af verkefnum þeim tengdum.
- Börnin eru sjálfsörugg, glöð og áræðin.
- Lögð er áhersla á rólega stund í matmálstímum og börnum skipt í minni hópa.
- Vel er staðið að vinnu með heilbrigði og vellíðan barna og notaðar fjölbreyttar leiðir.
- Viðurkennd matstæki eru notuð við mat á námi og velferð barna.
- Markvisst er unnið eftir Heilsubók í íþróttahúsi.
- Foreldraráð er starfandi við leikskólann og starfsreglur þess eru á heimasíðu leikskólans.
- Foreldrafélag er starfandi við leikskólann og er virkur samstarfsaðili leikskólans.
- Vel er tekið í ábendingar foreldra um þarfir barnsins.
- Foreldrar eru hvattir til samstarfs sem tengt er læsi barna og umhverfismennt.
- Samstarf er við sundlaug og tónlistkennara grunnskólans.
- Leikskólinn er virkur þátttakandi í samfélaginu, fer í heimsóknir og nýtir sér opin svæði.

- Sérkennslustjóri er starfandi við leikskólann sem hefur ábyrgð og umsjón með sérkennslu og frumgreiningum, leiðbeinir starfsfólki og fræðir.
- Lögð er áhersla á snemmtæka íhlutun og sérkennslustjóri vinnur náið með sálfræðingi og talmeinafræðingi hjá Skólaþjónustunni.
- Myndað er teymi um börn með sérþarfir og teymisfundir haldnir reglulega.
- Einstaklingsnámskrá er unnin í samstarfi við sérfræðinga, deildarstjóra og foreldra barnsins.
- Sérkennslustjóri fær góðan stuðning frá leikskólaráðgjafa.
- Starfsfólk fær fræðslu á starfsmannafundum og stuðning til þess að vinna með einstök börn.
- Starfsfólk er ánægt með fræðslu og stuðning sérkennslustjóra og fræðslu sem skólaþjónustan veitir.
- Ákveðið mat á framförum barna fer fram og tengist Heilsubókinni.

Tækifæri til umbóta

- Brýnt er að sameina húsnæði leikskólans til að bæta starfsaðstöðu barna og starfsfólks.
- Meta þarf hljóðvist á deildum leikskólans og gera úrbætur ef þess þarf.
- Gera þarf úrbætur á útileiksvæðum leikskólans og yfirfara leiktæki í þeim tilgangi að tryggja öryggi barna.
- Brýnt er að leita leiða til að fjölga leikskólakennurum svo leikskólinn uppfylli ákvæði laga nr. 87/2008 um að 2/3 hlutar stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna teljist til stöðugilda leikskólakennara.
- Móta þarf hugmyndafræði fyrir leikskólann með aðkomu alls leikskólasamfélagsins, endurskoða námskrá og gera sýnilega á heimasíðu.
- Gera einkunnarorð leikskólans sýnileg í öllum leikskólanum og skilgreina áherslur þeirra.
- Öryggis- og rýmingaráætlun ætti að vera sýnileg á öllum deildum og rýmingaæfingar gerðar reglulega.
- Æskilegt er að gera skriflega verkaskiptingu milli stjórnenda og gera sýnilega starfsfólki leikskólans.
- Endurskoða þarf skólanámskrá frá 2017 í samræmi við aðalnámskrá leikskóla frá 2011 með aðkomu starfsfólks, barna og foreldra.
- Gera skal árlega starfsáætlun í samræmi við lög um leikskóla og aðalnámskrá leikskóla 2011 og tryggja aðkomu allra aðila í leikskólasamfélaginu.
- Gera þarf ráð fyrir deildarfundum í dagskipulagi deilda.
- Starfsmannahandbók þarfnast endurskoðunar með nauðsynlegum upplýsingum fyrir starfsfólk.

- Brýnt er að virkja verklag um móttöku nýrra starfsmanna, veita handleiðslu og fylgja verklagi eftir á ráðningatímabilinu.
- Æskilegt er að stjórnendur veiti deildarstjórum stuðning, fylgist með námi og starfi á deildum í því skini að veita endurgjöf.
- Gera ætti símenntunaráætlun fyrir starfsfólk sem birtist í starfsáætlun.
- Gera ætti skipurit og starfslýsingar og birta í gögnum leikskólans.
- Brýnt er að bæta og samræma upplýsingaflæði innan leikskólans.
- Brýnt er að vinna að því að bæta starfsandann, samstarf og samskipti starfsfólks.
- Móta þarf starfsmannastefnu í þeim tilgangi að koma á skýru verklagi innan leikskólans.
- Æskilegt væri að yfirfara og meta efnivið leikskólans, endurnýja og samræma milli deilda. Sérstaklega ætti að endurskoða búnað og leikfangakost yngstu deildar og bæta aðgengi barnanna að leikefni.
- Endurskoða þarf skipulag kringum fundi, tímalengd funda, dagskrá og undirbúningstíma og kynna starfsfólki.
- Æskilegt væri að samræma áherslur og aðferðir um samskipti starfsfólks við börnin með þátttöku allra og setja í starfsmannahandbók.
- Bæta mætti og samræma merkingar á leikefni og námsgögnum, gera þau áhugaverð og sýnileg börnum.
- Gera læsisstefnu fyrir leikskólann og birta í gögnum leikskólans.
- Bæta og samræma ritmál, tölur og tákn á veggjum deilda og hafa í hæð barna.
- Gera vísindastarf í útinámi, vísindastarf á deildum aðgengengilegt í gögnum og sjá til þess að unnið sé á fjölbreyttan hátt með vísindi og stærðfræði.
- Auka aðgengi barna á deildum að efniviði til listsköpunar.
- Bæta búnað og aðgengi barna að hlutverkaleikjum.
- Leita leiða til að gefa börnum tækifæri til að meta nám sitt og setja sér markmið.
- Æskilegt væri að taka upp uppeldislegar skráningar á námi barna.
- Gera námssviðum leikskólans, markmiðum og leiðum skil í skólanámskrá.
- Gera fundargerðir foreldraráðs og foreldrafélags aðgengilegar á heimasíðu leikskólans.
- Leita leiða til að bæta kynningu á foreldraráði.
- Gera þarf foreldrahandbók með helstu upplýsingum um starfsemi leikskólans og aðlögun barna, helst á fleiri tungumálum en íslensku.
- Æskilegt er að kynna stefnu, áherslur og einkunnarorð leikskólans fyrir foreldrum.
- Gera gögn um samstarf leik- og grunnskóla sýnleg í skólanámskrá og á heimasíðu, einnig samstarf við tólistakennara grunnskólans og sundlaugina.
- Leita þarf leiða til að ráða starfsmann sem sinnir stuðningi á deildum.
- Auka þarf þekkingu starfsfólks á frávikum barna og mikilvægi skráningar og markvissrar vinnu.

- Auka markvisst vinnu með heimamenningu allra barna og gera sýnilega í gögnum leikskólans.
- Stofna matsteymi með þátttöku allra hagsmunaðila, stjórnenda og fulltrúa deilda þannig að allir komi að því að ákveða áherslur og forgangasröðun við innra mat.
- Gera nákvæma matsáætlun til nokkurra ára þar sem fram kemur viðfangsefni matsins, hvaða markmið eigi að meta og viðmið um árangur skilgreind. Tímasetja matið og tilgreina ábyrgðaraðila og hvernig gagna er aflað.
- Meta stefnu leikskólans og markmið markvisst og reglubundið og skilgreina viðmið um gæði og árangur.
- Huga að aðkomu foreldraráðs í að ákveða áherslur og forgangsröðun í innra mati.
- Efla ígrundun starfsfólks á eigin starfsháttum í daglegu starfi.
- Gæta að fjölbreytni í öflun gagna meðal starfsfólks, barna og foreldra með aðferðum sem hæfa viðkomandi hópum og tryggja að raddir barna birtist í mati á leikskólastarfinu.
- Birta greinagerð um innra mat á heimsíðu leikskólans þar sem fram koma upplýsingar um framkvæmdir og niðurstöður og greining á styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Gera nákvæma umbótaáætlun út frá helstu tækifærum til úrbóta þar sem meðal annars kemur fram til hvaða aðgerða þarf að grípa og hvenær, hvernig niðurstöður á endurmati eigi að fara fram og hver beri ábyrgð á að hrinda þeim í framkvæmd.

Lokaorð

Ytra mat með vettvangsathugunum, viðtölum og greiningu gagna í leikskólanum Heklukoti leiðir í ljós að þar dvelja glöð og áhugasöm börn sem sýna styrkleika í samskiptum. Í daglegu starfi er unnið í samræmi við áherslur um Grænfána- og Heilsuleikskóla. Áhersla er á útinám, heilbrigði og frjálsan leik sem hluta af námi barna og er sýnlegt í daglegu starfi. Starfsfólk er stolt af þessum áhersluþáttum leikskólans og leggur metnað sinn í að vinna að verkefnum þeim tengdum. Hluti af húsnæði leikskólans þarfnast lagfæringar, æskilegt væri að sameina leikskólann í einu húsi og gera þarf útileiksvæði barnanna öruggt. Skortur er á fagmenntuðum starfsfólki og mannabreytingar tíðar, leita þarf leiða til að fá fleiri leikskólakennara til starfa. Vinna þarf að því að bæta samstarf, samheldni og traust milli starfsfólks og brýnt að leita leiða til að styrkja starfsmannahópinn. Endurskoða þarf námskrá svo hún samræmist aðalnámskrá leikskóla 2011 og lögum um leikskóla frá 2008 og stefnu sveitarfélagsins. Tryggja þarf aðkomu alls leikskólasamfélagsins við endurskoðun námskrár. Auka ætti lýðræðislega þátttöku barna, áhrif þeirra á skipulag starfsins og þátttöku í mati á leikskólastarfinu. Bæta og samræma þarf upplýsingagjöf til foreldra á fjölbreyttan hátt. Leikskólinn er í góðu samstarfi við grunnskólann, íþróttahúsið og sundlaugina. Leikskólinn þarf að skila starfsáætlun sem samræmist áherslum í aðalnámskrá leikskóla fyrir hvert skólaár. Markvisst þarf að vinna að innra mati, stofna matsteymi, gera matsáætlun til lengri og skemmri tíma, skrifa greinargerð um matið, vinna umbótaáætlun út frá niðurstöðum og birta á heimasíðu.

Takmarkað barst af gögnum vegna vinnslu skýrslunnar og eru niðurstöður að mestu byggðar á viðtölum og vettvangsathugunum.

Heimildir

Aðalnámskrá leikskóla 2011. Slóðin er: http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefid-efni/namskrar/adalnamskra-leikskola/.

Heimasíða félags- og skólaþjónustu Rangárvalla-og Vestur Skaftafellssýslu. http://www.felagsogskolamal.is

Heimasíða Rangárþings ytra. https://www.ry.is

Könnunarleikur. Sótt á vef 30. júní 2021. slóðin er: https://sites.google.com/site/gildileiks/konnunarleikurinn

Leikskóladagatal. Aðgengilegt á heimasíðu leikskólans á slóðinni http://heklukot.leikskolinn.is

Lög um leikskóla nr. 90/2008.

Lög um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla nr. 95/2019.

Reglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr. 655/2009

Viðtöl:

Símtal og töluvpóstur til sveitarstjóra.

Viðtal við leikskólastjóra.

Viðtal við rýnihóp barna.

Viðtal við rýnihóp deildarstjóra.

Viðtal við rýnihóp foreldra.

Viðtal við rýnihóp starfsfólk.

Viðtal við sérkennslustjóra.